



GREINARGERÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN 2019–2022

Fjárhagsáætlun 2019–2022. Greinargerð

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar

Seinni umræða

12. desember 2018

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Forsendur áætlunar 2019–2022	6
Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki	10
2.1 A- og B-hluti	10
2.2 A-hluti	10
2.3 Aðalsjóður	11
2.4 Fjölskylduþjónusta	13
2.5 Fræðslu- og frístundaþjónusta	19
2.6 Æskulýðs- og íþróttamál	23
2.7 Menningarmál	27
2.8 Brunamál og almannavarnir	31
2.9 Hreinlætismál	31
2.10 Skipulags- og byggingarmál	32
2.11 Umferðar- og samgöngumál	33
2.12 Umhverfismál	33
2.13 Sameiginlegur kostnaður	34
2.14 Eignasjóður	35
2.15 Vatnsveita	37
2.16 Fráveita	37
2.17 Húsnæðisskrifstofa	38
2.18 Hafnarfjarðarhöfn	39
Framkvæmdaáætlun 2019	41

Inngangur

Á næstu dögum eða vikum munum við bjóða íbúa númer 30.000 velkominn í sveitarfélagið. Undanfarin ár hefur fjölgun íbúa verið ör og sýna þjónustukannanir að þeir eru sífellt ánægðari með bæinn sinn og þá þjónustu og afþreyingu sem í boði er innan sveitarfélagsins. Margt er þó enn hægt að bæta og munum við á næstu árum sífellt leitast við að efla og bæta þjónustuna. Meðal annars í skóla- og félagsstarfi barnanna okkar, þjónustu við eldri borgara, fatlað fólk og nýbúa. Einnig er lögð áhersla á að efla almenna þjónustu, eins og sópun gatna, mokstur, sorphirðu, hreinsun eða viðhald á opnum svæðum, leiksvæðum, gatnakerfi og húsnæði bæjarins. Þessa dagana er ráðgjafafyrirtækið Capacent, í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ að taka út þjónustu sveitarfélagsins með það fyrir augum að bæta þjónustuna, gera hana skilvirkari og stytta afgreiðslu erinda og fyrirspurna sem bænum berast. Einnig er verið að skoða hvernig hægt sé að nýta í auknum mæli möguleika upplýsingatækninnar við að gera aðgang að upplýsingum greiðari og samskipti íbúa og bæjarins einfaldari.

Hafnarfjarðarbær er stór vinnustaður sem kallar á skilvirkt skipulag og gott samstarf á öllum þeim rúmlega 70 starfsstöðvum sem eru í bænum. Menntunarstig á meðal starfsmanna sveitarfélagsins er hátt, fagmenntun fjölbreytt og reynsla og þekking mikil. Að þessu þurfum við að hlúa til að halda áfram að laða til okkar góða starfsmenn sem ganga í takt og hafa það sameiginlega markmið að veita fyrirmyndarþjónustu með ánægju. Nú eru starfsmenn um 1.800 talsins og vinnur langstærstur hluti þeirra innan leik- og grunnskóla bæjarins. Mikil áhersla hefur verið lögð á að greina starfsumhverfi kennara á báðum skólastigum, í samstarfi við skólasamfélagið, með það að markmiði draga úr álagi í starfi, auka vellíðan, sveigjanleika og auka snemmtæka þjónustu við börn sem á þurfa að halda. Þá hefur undirbúningstími kennara verið aukinn og yfirvinnupottum komið á til að mæta betur faglegu starfi. Hugmyndir að betrubótum eru afrakstur vinnu starfshópa og faghópa og samtals við nemendur og kennara. Úrbætur eru þegar hafnar og munu þær halda áfram á nýju ári. Vonir standa til þess að þessi vinna skili sér beint til starfsmanna og nemenda í formi aukinnar ánægju, betri líðanar og að hver einstaklingur geti blómstrað á eigin forsendum.

Nú liggur fyrir fjárhagsáætlun næsta árs og sem fyrr er hún í tveimur hlutum. Annars vegar greinargerð og hins vegar tölulegur hluti sem inniheldur upplýsingar vegna samantekinna A- og B-hluta sveitarsjóðs, auk aðalsjóðs og annarra sjóða sveitarfélagsins.

Helstu niðurstöður í frumvarpi til fjárhagsáætlunar 2019 eru eftirfarandi:

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta er jákvæð um 985 milljónir króna og rekstrarniðurstaða A-hluta er jákvæð um 311 milljónir króna
- Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 56,8 milljarðar króna í árslok 2019, skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 44 milljarðar króna og eigið fé um 12,8 milljarðar króna.
- Áætlað veltufé frá rekstri A-hluta er nær 2,8 milljarðar króna eða 10,5% af heildartekjum og samantekið fyrir A- og B-hluta nær 4 milljarðar króna sem er um 13,9% af heildartekjum
- Áætlaðar sölutekjur af íbúðalóðum eru 1.146 milljónir króna og af iðnaðarlóðum 354 milljónir króna
- Álagningarstuðull fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði lækkar úr 1,57% í 1,40% og af íbúðahúsnæði úr 0,28% í 0,26%.
- Heildarlækkun álagningarhlutfalls milli ára er 10,3% á atvinnuhúsnæði og 7,4% á íbúðarhúsnæði
- Áætlaðar fjárfestingar nema samtals 4,5 milljörðum króna
- Gert er ráð fyrir að gjaldskrá fyrir árið 2019 fylgi vísitölu eða hækki um 2,9%

Hafnarfjörður er þriðja stærsta sveitarfélag landsins með heildarútgjöld um 27,5 milljarða króna, áætlaðan launakostnað tæpa 14 milljarða króna og áætlaðan fjármagnskostnað um 1,8 milljarða króna. Árið 2017 var rekstrarniðurstaðan jákvæð sem nam 1.326 milljónum króna og 2016 einnig jákvæð um 538 milljónir króna. Áætlun þessa árs gerir ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu upp á 798 milljónir króna. Veltufé frá rekstri er áætlað um 4 milljarðar á árinu 2019 eða 13,9% af heildartekjum og gert er ráð fyrir að útsvarsprósentan verði áfram 14,48%. Sjötta árið í röð verða leikskólagjöld óbreytt og eru framlög til leik- og grunnskóla, fjölskylduþjónustu, viðhalds, menningarmála og umhverfisþjónustu aukin milli ára. Fjárheimild til framkvæmda nemur 4.518 milljónum króna og

ber þar hæst áframhaldandi uppbygging Skarðshlíðarskóla, bygging fjögurra deilda leikskóla í Skarðshlíð auk þess sem byggingu við nýtt hjúkrunarheimili verður fram haldið. Fjárveitingar verða áfram auknar til viðhalds húsnæðis og búnaðar, gatnasvæða og opinna svæða en fjármagn til viðhalds var aukið um 200 milljónir króna á milli árána 2017 og 2018. Árangur þeirra framkvæmda er þegar orðinn sýnilegur og verður uppsafnaðri viðhaldsþörf áfram svarað á nýju rekstrarári.

Hafnarfjörður er um margt einstakt sveitarfélag. Hér höfum við allt til alls og flesta þjónustu hér að finna. Það er ekki bara umhverfið, húsin, náttúran, nálægðin við upplandið, hafnarsvæðið og miðbærinn sem gerir bæinn okkar einstakan. Það er ekki síst fólkinn sem byggir bæinn og býr hér sem gerir hann hlýjan og áhugaverðan heim að sækja. Af þessu megum við vera stolt og í þessa tilfinningu þurfum við að halda. Ég vil þakka starfsfólki Hafnarfjarðarbæjar sem kom að fjárhagsáætlunargerðinni kærlega fyrir þá miklu og góðu vinnu sem lögð hefur verið í hana. Jafnframt þakka ég starfsmönnum öllum kærlega fyrir þeirra framlag. Hver og einn starfsmaður er mikilvægur hlekkur í keðjunni.

7. nóvember 2018



Rósa Guðbjartsdóttir

bæjarstjóri

Forsendur áætlunar 2019–2022

Lagatilvísanir og skilgreiningar

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2019 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2020–2022 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. A-hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóði. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa bæjarins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Í áætlun A-hluta er milliviðskiptum, vegna innri leigu, fasteignaskatta og afnota af íþróttamannvirkjum, jafnað út á milli stofnana. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og eru fjármagnaðar með þjónustutekjum, en þau eru: Vatnsveita Hafnarfjarðar, Fráveita Hafnarfjarðar, Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarhöfn. Þar sem talað er um *Áætlun 2018* í þessari greinargerð er átt við upprunalega áætlun fyrir árið 2018 með viðaukum.

Skatttekjur

Skattlagningu sveitarfélaga er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skatttekjur skiptast í útsvar og fasteignaskatt. Aðrar tekjur með skattaígildi eru lóðaleiga.

Útsvar

Útsvarshlutfall á árinu 2019 verður 14,48%. Áætlað er að brúttó útsvarstekjur nemi um 19,8 milljörðum króna en af þeirri fjárhæð munu rúmlega 2,4 milljarðar króna ganga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, eða 1,76%, þannig að nettó útsvarstekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar tæplega 17,4 milljarðar króna. Auk þess er gert ráð fyrir um 220 milljónum króna í eftirágreitt útsvar.

Áætlun útsvarstekna er byggð á útkomuspá ársins 2018 en jafnframt er tekið tillit til almennra forsendna á vinnumarkaði og fjölgunar íbúa. Gert er ráð fyrir 6% hækkun launavísitölu, áþekkri atvinnuþátttöku og á árinu 2018 og fjölgun íbúa um 2,3%. Á grundvelli þessara gagna er gert ráð fyrir um 7,5% hækkun útsvars milli útkomuspár 2018 og 2019.

Framlög úr Jöfnunarsjóði

Hafnarfjarðarkaupstaður fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna grunnskóla, tónlistarkennslu, nýbúafræðslu og þjónustu við fatlað fólk. Samkvæmt áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er fjárhæð framlaga alls 2,8 milljarðar króna.

Fasteignagjöld

Stofn til útreiknings fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis á árinu 2018 miðast við fasteignamat eigna sem birt var 1. júní 2018. Endurmat ársins, matsbreytingar og nýjar eignir leiða til þess að matsstofn Hafnarfjarðarkaupstaðar breytist á milli ára, samanber eftirfarandi töflu:

Fasteignamat – þús. kr.	Fasteignamat 2019	Fasteignamat 2018	Hækkun %	Fasteignamat 2017
Íbúðareignir	489.766.853	434.460.642	12,7%	365.806.061
Atvinnueignir	127.038.744	104.276.924	21,8%	95.353.657
Stofnanir og samkomustaðir	28.416.790	25.375.650	12,0%	24.012.110
Samtals	645.222.387	564.113.216	14,4%	485.171.828

Álagningarstofn íbúðarhúsnæðis hækkaði um 12,7% á milli ára. Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis lækkar úr 0,28% í 0,26%, lóðaleiga lækkar úr 0,36% í 0,33%, vatnsgjald lækkar úr 0,062% í 0,058% og holræsagjald úr 0,137% í 0,129%. Heildartekjur bæjarins vegna fasteignagjalda af íbúðarhúsnæði hækka um 116 milljónir króna en hefðu hækkað um 295 milljónir króna ef álögur hefðu haldist óbreyttar. Lækkun álagningarhlutfalls nemur 7,4% milli ára.

Álagningarhlutföll fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis árið 2018 og aftur til 2016:

Íbúðarhúsnæði	Álagning 2019	Álagning 2018	Álagning 2017	Álagning 2016
Fasteignaskattar	0,26%	0,28%	0,31%	0,34%
Lóðarleiga	0,33%	0,36%	0,40%	0,40%
Holræsagjald	0,129%	0,137%	0,155%	0,165%
Vatnsgjald	0,058%	0,062%	0,070%	0,077%
Samtals	0,777%	0,839%	0,935%	0,982%

Tekjutengdur afsláttur fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega

Afsláttur er hlutfallslegur og miðast við tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali. Tekjuviðmið hækka sem nemur hækkun launavísitölu tekjuárs eða um 6,8%. Við útreikning afsláttar í upphafi árs 2019 er stuðst við skattframtal ársins 2017 en afslátturinn er síðan endurskoðaður í júlí 2019 eftir að skattframtal ársins 2018 liggur fyrir. Leiði endurskoðunin til breytinga á afslætti breytist hann vegna þeirra greiðslna sem eftir eru á árinu. Ekki er endurreiknað vegna greiðslna til og með júlí. Til tekna teljast bæði launatekjur (reitur 2.7. á skattframtali) og fjármagnstekjur (reitur 3.10. á skattframtali). Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og fólks í skráðri sambúð.

Töflur sýna tekjuviðmið einstaklinga annars vegar og hjóna og fólks í skráðri sambúð hins vegar:

Afláttur %	2019		2018	
	Einstaklingar		Einstaklingar	
100%	0	5.354.000	0	5.013.000
75%	5.354.001	5.473.000	5.013.001	5.124.400
50%	5.473.001	5.592.000	5.124.401	5.235.800
25%	5.592.001	5.711.000	5.235.801	5.347.200

Afláttur %	2019		2018	
	Hjón/fólk í skráðri sambúð		Hjón/fólk í skráðri sambúð	
100%	0	6.841.000	0	6.405.500
75%	6.841.001	7.317.000	6.405.501	6.851.100
50%	7.317.001	7.794.000	6.851.101	7.297.700
25%	7.794.001	8.269.000	7.297.701	7.742.300

Í töflu má sjá þróun síðustu ára og áætlaðan heildarafslátt árið 2019:

Tekjutengdur afsláttur fasteignagjalda	þús. kr.
2019 – áætlun	90.623
2018	95.607
2017	45.385
2016	49.056
2015	33.136
2014	33.436
2013	36.802
2012	32.446

Álagningarstofn atvinnueigna hækkaði um 21,8% á milli ára. Fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði lækka úr 1,57% í 1,40%. Önnur gjöld eru einnig lækkuð og heildarálagning fer úr 3,152% í 2,784%. Hækkun milli ára nemur um 195 milljónum króna en hefði numið 438 milljónum króna ef álögur hefðu haldist óbreyttar. Lækkun álagningarhlutfalls nemur 10,3% milli ára.

Álagningarhlutfallið á fasteignaskatti lækkar annað árið í röð úr 1,57% í 1,4% árið 2019.

Atvinnuhúsnæði	Álagning 2019	Álagning 2018	Álagning 2011–2017
Fasteignaskattar	1,40%	1,57%	1,65%
Lóðarleiga	1,17%	1,295%	1,30%
Holræsagjald	0,167%	0,187%	0,195%
Vatnsgjald	0,09%	0,1%	0,105%
Samtals	2,827%	3,152%	3,25%

Aðrar tekjur

Í frumvarpi að fjárhagsáætlun er almennt gert ráð fyrir að gjaldskrá fyrir árið 2019 hækki sem nemur vísitöluhækkun samkvæmt þjóðhagsspa sem birtist í fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga, eða um 2,9%, en að dvalargjöld á leikskólum verði óbreytt sjötta árið í röð. Gjaldskrá umhverfis- og skipulagsþjónustu hækkar í samræmi við hækkun byggingarvísitölu 2019. Sorphirðugjald hækkar um 3.586 krónur frá 2018, úr 36.370 krónum í 39.956 krónur, og er það gert til að gjöldin standi undir kostnaði við veitta þjónustu.

Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður er áætlaður út frá núverandi stöðugildum og starfsmönnum og tekur mið af gildandi kjarasamningum. Kjarasamningar KÍ eru lausir frá og með 1. júlí 2019 og flestir aðrir kjarasamningar starfsmanna sveitarfélagsins eru lausir frá og með 1. apríl 2019. Áætlað er fyrir væntum hækkunum og sett í varasjóði á viðkomandi málaflokkum til að mæta þeim. Jafnframt er tekið tillit til breytinga í starfsmannahaldi sem tengjast fjölda nemenda í leik- og grunnskólum ásamt tillögum að breytingum sem gert er ráð fyrir í starfsmannahaldi á árinu 2019.

Launatengd gjöld eru reiknuð miðað við gildandi samninga og lög. Launaáætlun var unnin af stjórnendum bæjarins í launaáætlunarkerfi H3. Lögð verður áhersla á virkt eftirlit og eftirfylgni með launakostnaði, veikindum og fjölda stöðugilda en með réttum verkfærum verður sú vinna markvissari. Í október 2016 voru samþykktar nýjar reglur um fjarvistir og starfsendurhæfingu vegna veikinda eða slysa starfsfólks. Með markvissri viðverustjórnun er markmiðið meðal annars að auðvelda starfsfólki endurkomu til starfa eftir veikindi, veita því stuðning og umhyggju og lækka um leið kostnað vegna fjarvista.

Lífeyrisskuldbindingar

Breyting á lífeyrisskuldbindingum er áætluð um 1.086 milljónir króna á árinu 2019. Á árinu 2012 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar að samtímagreiða inn á lífeyrisskuldbindinguna og er gert ráð fyrir að sú greiðsla nemi um 412 milljónum króna á árinu 2019. Byrjað var að samtímagreiða inn á lífeyrisskuldbindingu Byrs vegna fyrrverandi starfsmanna Sparisjóðs Hafnarfjarðar á árinu 2016 og eru um 66 milljónir króna af áætluðum heildargreiðslum 2019 vegna Byrs. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga Byrs eru gerðar með fyrirvara um niðurstöðu dómstóla, en Hafnarfjarðarkaupstaður mótmælir því að bænum beri að greiða þessa skuldbindingu. Gert er ráð fyrir að lífeyrisskuldbinding bæjarins verði um 13,7 milljarðar króna í árslok 2019. Til samanburðar eru heildarlaunagreiðslur sveitarfélagsins með launatengdum gjöldum á árinu 2019 áætlaðar tæpir 14 milljarðar króna. Af lífeyrisskuldbindingu eru um 2,7 milljarðar króna vegna lífeyrisskuldbindinga fyrrverandi starfsmanna Sparisjóðs Hafnarfjarðar/Byrs og um 240 milljónir króna vegna Hafnarsjóðs.

Annar kostnaður

Almennur rekstrarkostnaður sem er tengdur verðlagsforsendum samkvæmt samningum hefur verið uppfærður í takt við verðlagsbreytingar. Stuðst er við þjóðhagsspá og samkvæmt henni er áætluð hækkun vísitölu neysluverðs 2,9% árið 2019, 2,7% árið 2020 og 2,6% árin 2021 og 2022. Einnig hafa útgjöld verið aukin um samtals 137,5 milljónir króna árið 2019 þar sem viðbóta var þörf og er fjallað um viðbæturnar undir viðkomandi málaflokkum.

Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur eru áætlaðar í samræmi við rauntölur ársins 2018 og tekið er tillit til 22% fjármagnstekjuskatts. Viðskiptareikningar innan samstæðu eru ekki vaxtareiknaðir. Innlend verðtryggð lán hafa verið uppreiknuð miðað við spár bankastofnana, eða um 3,5%. Einnig gerir þjóðhagsspá sem lögð var fram í nóvember ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 3,6% á árinu 2019. Lánasafnið er vaxtareiknað miðað við vaxtakjör lánasamninga en meðalvextir eru um 3,7%. Ekki er gert ráð fyrir gengismun í áætlun en óverulegur hluti lána er gengistryggður eða rúmlega 1,1 milljarður króna.

Gert er ráð fyrir að fjárfesting húsnæðisskrifstofu í nýju húsnæði og hjúkrunarheimili verði fjármögguð með lántöku en aðrar fjárfestingar verði fjármagnaðar með veltufé frá rekstri og lóðasölu ásamt lántöku að fjárhæð 350 milljónir króna. Afborganir lána nema um 1,5 milljörðum króna þannig að skuldaviðmið heldur áfram að lækka og er gert ráð fyrir að það verði um 120% í árslok 2019. Fjárfestingar vegna hjúkrunarheimilis eru áætlaðar rúmlega 400 milljónir króna á árinu 2019 og fjárfestingar húsnæðisskrifstofu eru áætlaðar tveir milljarðar króna árin 2020 til 2022. Samkvæmt samningi við ríkissjóð um leigu á húsnæði hjúkrunarheimilisins munu leigugreiðslur standa undir afborgun og vöxtum vegna lána sem tekin verða vegna hjúkrunarheimilisins. Á sama hátt munu leigugreiðslur vegna félagslegs íbúðarhúsnæðis standa undir afborgunum og vöxtum vegna lána sem tekin verða vegna kaupa á leiguíbúðum.

Fyrirvarar og óvissuþættir

Kjarasamningar starfsmanna sveitarfélagsins eru lausir á næsta ári sem veldur mikilli óvissu um rekstrarkostnað þar sem um 53% af heildartekjum sveitarfélagsins er varið til greiðslu launa og launatengdra gjalda og hækkunar lífeyrisskuldbindingar. Áætlað er fyrir væntum hækkunum og sett í varasjóð.

Þriggja ára áætlun 2020–2022

Þriggja ára áætlun sveitarfélagsins tekur mið af verðlagsbreytingum í samræmi við þjóðhagsspá sem notuð var til grundvallar frumvarpi til fjárlaga. Útsvarstekjur ráðast af fjölda íbúa, launaþróun, atvinnuþátttöku og atvinnustigi en hér er gert ráð fyrir hækkun tekna um 5,5–6,1% á ári. Áætlaðar tekjur vegna fasteignaskatta og lóðarleigu hækka um 4,5–5,0% á ári vegna verðbreytinga og nýrra matseininga. Annar rekstrarkostnaður eykst samkvæmt þjóðhagsspá um vísitölu neysluverðs og þjónustuþyngingu í kjölfar fjölgunar íbúa. Laun og launatengd gjöld hækka í takt við launavísitölu samkvæmt þjóðhagsspá. Fjármagnsliðir og afborganir lána eru áætluð í samræmi við lánasamninga.

Mannauður

Heildarfjöldi stöðugilda hjá Hafnarfjarðarkaupstað:

Hafnarfjarðarkaupstaður	Fjöldi stöðug. 2019	Fjöldi starfsm. 2019	Fjöldi stöðug. 2018	Fjöldi starfsm. 2018	Fjöldi stöðug. 2017	Fjöldi starfsm. 2017
Fjölskylduþjónusta	197,2	291	187,7	278	179,2	266
Fræðslu- og frístundabj.	1.171,2	1.405,4	1.125	1.349	1.129	1.380
Fjármálasvið	24	24	24	24	23,75	24
Stjórnsýslusvið	43,2	55,25	41,2	53	40,1	51
Umhverfis- og skipulagsbj.	45,5	46	43,5	44	49,5	50
Hafnarfjarðarhöfn	12	12	12	12	11	11
	1.493,1	1.833,65	1.433,4	1.760	1.432,55	1.782

Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki

2.1 A- og B-hluti

- Áætlað er að heildartekjur fyrir A- og B-hluta á árinu 2019 verði um 28,5 milljarðar króna og að áætluð rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði verði um 25,7 milljarðar króna. Jákvæð rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð um 2,8 milljarðar króna en fjármagnsliðir eru áætlaðir tæplega 1,8 milljarðar króna, þannig að áætluð rekstrarniðurstaða ársins 2019 er jákvæð um 985 milljónir króna.
- Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 56,8 milljarðar króna í árslok 2019. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 44 milljarðar króna og eigið fé um 12,8 milljarðar króna.
- Veltufé frá rekstri er sá mælikvarði sem oft er litið til þegar meta skal getu sveitarfélaga til að standa við skuldbindingar sínar utan rekstrar. Mælikvarðinn gefur meðal annars vísbendingu um hversu mikið er til ráðstöfunar frá rekstri til fjárfestinga og til að greiða skuldir. Á árinu 2019 er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði tæpir 4 milljarðar króna, sem er um 13,9% af heildartekjum.

Samantekið yfirlit yfir rekstur, efnahagsreikning og sjóðstreymi:

A- og B-hluti – m. kr.				
	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2016
Rekstrarreikningur				
Tekjur	28.493	25.886	25.273	23.091
Gjöld	(25.710)	(23.437)	(22.592)	(20.935)
Fjármagnsliðir	(1.798)	(1.651)	(1.355)	(1.403)
Óvenjulegir liðir	0	0	0	(215)
Rekstrarniðurstaða	985	798	1.326	538
Efnahagsreikningur				
Eignir	56.764	52.371	51.173	48.302
Eigið fé	12.758	10.671	10.986	9.145
Skuldir og skuldbindingar	44.005	41.699	40.187	39.157
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	3.953	3.480	3.646	3.634

2.2 A-hluti

- Í áætlun 2019 er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A-hluta sé jákvæð fyrir afskriftir og fjármagnsliði um tæplega 1,8 milljarða króna.
- Áætlaðar rekstrartekjur A-hluta eru um 26,5 milljarðar króna og áætluð rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði eru tæpir 24,8 milljarðar króna. Fjármagnsliðir eru áætlaðir tæplega 1,5 milljarðar króna. Áætluð rekstrarniðurstaða A-hluta verður því jákvæð um 311 milljónir króna.
- Heildareignir A-hluta í árslok 2018 eru áætlaðar um 45,7 milljarðar króna, skuldir um 39,7 milljarðar króna og eigið fé um 5,9 milljarðar króna.
- Áætlað veltufé frá rekstri, A-hluta, er um 2,8 milljarðar króna eða um 10,5 % af heildartekjum.

Samantekið yfirlit yfir rekstur, efnahagsreikning og sjóðstreymi:

A-hluti – m. kr.				
	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2016
Rekstrarreikningur				
Tekjur	26.516	24.052	23.486	21.395
Gjöld	(24.752)	(22.523)	(21.661)	(20.068)
Fjármagnsliðir	(1.453)	(1.316)	(1.085)	(1.085)
Óvenjulegir liðir	0	0	0	(215)
Rekstrarniðurstaða	311	213	740	27
Efnahagsreikningur				
Eignir	45.653	41.729	41.108	38.171
Eigið fé	5.924	4.569	5.436	4.182
Skuldir	39.729	37.160	35.671	33.989
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	2.778	2.450	2.706	2.706

2.3 Aðalsjóður

Aðalsjóður annast reglubundinn rekstur málaflokka sem er fjármagnaður með skatttekjum og þjónustutekjum. Rekstraráætlun gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða aðalsjóðs fyrir fjármagnsliði innri viðskipta verði jákvæð um 752 milljónir króna.


Rekstraryfirlit:

Aðalsjóður – m. kr.				
	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2016
Rekstrarreikningur				
Tekjur	27.150	24.888	23.885	22.153
Gjöld	(26.398)	(24.334)	(23.534)	(22.035)
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	752	554	351	118

Helstu útgjaldabreytingar í rekstri málaflokka á milli ára má sjá í eftirfarandi töflu:

Rekstur málaflokka aðalsjóðs					
Fjárhæðir í m. kr.	Áætlun 2019	Hlutfall af skatttekjum	Áætlun 2018	Mismunur	Ársreikningur 2017
Skatttekjur	24.457		22.158	2.299	21.356
Fjölskylduþjónusta	(3.959)	16,2%	(3.466)	(493)	(3.231)
Fræðslu- og uppeldismál	(13.355)	54,6%	(12.168)	(1.187)	(11.176)
Menningarmál	(480)	2,0%	(430)	(50)	(403)
Æskulýðs- og íþróttamál	(2.031)	8,3%	(1.855)	(176)	(1.916)
Brunamál og almannavarnir	(240)	1,0%	(232)	(8)	(219)
Hreinlætismál	(17)	0,1%	(15)	(2)	(18)
Skipulags- og byggingarmál	(110)	0,4%	(101)	(9)	(52)
Umferðar- og samgöngumál	(953)	3,9%	(914)	(39)	(850)
Umhverfismál	(146)	0,6%	(140)	(6)	(139)
Atvinnumál	(55)	0,2%	(37)	(18)	(14)
Sameiginlegur kostnaður	(2.421)	9,9%	(2.221)	(200)	(2.986)

Hlutfall málaflokka af heildarútgjöldum:



2.4 Fjölskylduþjónusta

Árið 2019 verður haldið áfram að þróa og festa Hafnarfjarðarlíkanið í sessi. Unnið hefur verið að þessu viðamikla verkefni allt árið 2018 en það snýr að því að finna leiðir til að bæta félags-, skóla- og geðheilbrigðisþjónustu við leik- og grunnskólabörn bæjarins og fjölskyldur þeirra. Undanfarin ár hafa foreldrar og fagfólk lýst yfir þungum áhyggjum af því að þjónusta við börn og ungmenni með félags-, náms- og/eða geðheilbrigðisvanda á Íslandi sé ekki nægilega markviss. Rauði þráðurinn í Hafnarfjarðarlíkaninu snýr að velferð og lífsgæðum barna og fjölskyldna þeirra og er áhersla lögð á að veita aukna þjónustu á fyrri stigum og auka samvinnu á milli fagsviða, skóla og heilsugæslu. Á haustmisseri 2018 var farið af stað með þessa nýju nálgun og fer samþætting og aukin þjónusta í gegnum ákveðin lausnateymi sem starfa inni í leik- og grunnskólum bæjarins. Í lausnateymi sitja fulltrúar leik- og grunnskóla, sálfræðingur/sérkennslufulltrúi frá fræðslu- og frístundaþjónustu og sérfræðingur Hafnarfjarðarlíkans. Þar er nám, hegðun, þroski og/eða líðan barns rædd með samþykki foreldra og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast fyrir við erfiðleikum eða aðstæðum barnsins. Vandinn er þannig greindur á fyrri stigum og reynt að koma í veg fyrir þróun til verri vegar. Jafnframt er leitast við að draga úr biðlistum eftir greiningu og þörf fyrir aðkomu barnaverndar með því að grípa fyrir inn í og veita þessa snemmtæku þjónustu. Þróun verkefnisins hefur farið fram með sjö leikskólum og þremur grunnskólum bæjarins en vinnulagið verður síðar innleitt í alla leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar. Ekki er um tímabundið verkefni að ræða heldur breytt verklag í þjónustu við börn og fjölskyldur hjá Hafnarfjarðarkaupstað sem þróað er og unnið í samstarfi allra hlutaðeigandi. Nokkur reynsla er þegar komin á verkefnið og mál hafa komið upp sem hefðu annars líklega endað á biðlista eftir greiningu eða sem barnaverndarmál. Í fjárhagsáætlun Fjölskylduþjónustunnar árið 2019 er gert ráð fyrir 10 millj. til þess að styrkja verkefnið og efla. Fjölskylduþjónusta og fræðslu- og frístundaþjónusta eru einnig komin í viðræður við lögreglustjóraembætti höfuðborgarsvæðisins um aukna samvinnu sveitarfélagsins og lögreglunnar um stuðning og viðbrögð til að styðja við börn í sveitarfélaginu. Fellur það vel að nýjum áherslum Hafnarfjarðarlíkansins.

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur ákveðið að fara í samvinnu við UNICEF um verkefnið Barnvænt sveitarfélag. Um er að ræða líkan sem UNICEF á Íslandi, í samstarfi við umboðsmann barna, hefur þróað fyrir sveitarfélög til að stuðla að innleiðingu Barnasáttmálans innan íslenskra sveitarfélaga. Verkefnið er umfangsmikið og þarf að vanda vel til undirbúnings. Undirbúningur er hafinn og fyrir liggur að skipaður verði stýrihópur þvert á svið bæjarins í því skyni að stuðla að samþættingu og innleiðingu verkefnisins.

Áfram verður unnið að eflingu faglegrar þjónustu fyrir fatlað fólk með fjölgun fagfólks á starfsstöðvum fatlaðs fólks. Samkvæmt ákvörðun fjölskylduráðs er ávallt auglýst eftir fagfólki í þær stöður sem lausar eru á starfsstöðvunum og verður svo áfram. Ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir tóku gildi 1. október 2018. Í nýjum lögum er áhersla á notendasamráð og er þar með komin lagastoð fyrir starfi öldungaráðs, ráðgjafaráðs í málefnum fatlaðs fólks og fjölmeningarráðs. Áfram verður stutt við ráðin bæði hvað varðar faglegan stuðning og með styrkjum til fundarsetu. Með nýjum lögum er grunnþjónusta sveitarfélaga skilgreind og lögfest. Það hefur í för með sér aukinn kostnað í þjónustu við m.a. fatlað fólk og eldri borgara. Fjárhagsáætlun fjölskylduþjónustunnar 2019 ber þess merki og eykst fjármagn til þessarar þjónustu. Má nefna að lengd viðvera fyrir fötluð börn og ungmenni er orðin lögbundið verkefni sveitarfélaga og NPA-samningar eru einnig orðin lögbundið þjónustuform.

Atvinna fatlaðs fólks, Geitungar, lengd viðvera, Vinaskjól og Kletturinn fluttu að Suðurgötu 14 á haustmánuðum 2017. Þjónusta við fatlað fólk tók stakkaskiptum við þessa breytingu þar sem komið er varanlegt og heppilegt húsnæði fyrir þennan viðkvæma hóp. Aðsókn að þjónustunni hefur aukist til muna við þessa breytingu og starfsemin blómstrað. Má nefna að Hæfingarstöð, sem starfrækt var í Fannborg í Kópavogi, var lokað á haustmánuðum 2017 og bauðst þeim einstaklingum atvinna í Geitungunum. Flestir þáðu tilboðið og er hér um að ræða aukna þjónustu og tækifæri fyrir fatlað fólk í heimabyggð þess.

Í fjárhagsáætlun Fjölskylduþjónustu 2019 eru 10 millj. vegna fjölmeningarmála. Er þar lögð áhersla á að efla sjóð sem styður við börn innflytjenda í sveitarfélaginu til þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi. Fjármununum skal einnig varið til að ráða starfsmann í hlutastarf í þennan málaflokk og í verkefni tengd innflytjendum.

Fjárheimildir sviðsins hækka úr 3.519 milljónum króna í 3.959 milljónir króna, þ.e. um 440 milljónir króna milli ára eða um 12,5%, og eru nú 16,2% af skatttekjum sveitarfélagsins. Helstu ástæður þessarar aukningar eru aukinn kostnaður vegna vistunar barna, kostnaður vegna NPA-samninga og almennrar grunnþjónustu við fatlaða og eldri borgara, og Hafnarfjarðarlíkanið.

Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir nýmæli og viðbætur í fjárhagsáætlun fjölskylduþjónustu fyrir árið 2019.

• Hafnarfjarðarlíkanið	10.000.000
• Fjölmenningsmál; hlutastöðugildi, sjóður fyrir börn innflytjenda og verkefni tengd innfl.	10.000.000
• Utangarðsfólk	5.000.000.
• Atvinna með stuðningi	14.000.000.
• Hækkun gjaldskrár vegna stuðningsfj. fatlaðra barna	7.000.000
Samtals	46.000.000

Skrifstofa fjölskylduþjónustu

Launakostnaður á skrifstofu fjölskylduþjónustu hækkar um 26% milli áætlana 2018 og 2019. Fjölgun stöðugilda vegna Hafnarfjarðarlíkansins og viðbótarstöðugildi í barnavernd skýra þessa hækkun.

Fjárhagsaðstoð

Almenn fjárhagsaðstoð stendur í stað á milli ára. Fjárhagsaðstoð er áætluð 180 milljónir króna í áætlun 2019. Í reglum sveitarfélagsins er gert ráð fyrir árlegri hækkun fjárhagskvarða í samræmi við neysluvísitölu. Árið 2019 hækkar kvarðinn umfram það og fer úr 177.600 krónum í 185.000 krónur. Gert er ráð fyrir að fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins hafi náð jafnvægi og verði óbreytt árið 2019. Áfram-verkefnið hefur verið fest í sessi en umfang Áfram-starfa verður þó minna í ljósi betra atvinnuástands. Sú nálgun fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar að hvetja og styðja fólk til vinnu og virkni í stað óvirkra fjárhagsaðstoðar er orðin viðurkennd leið á landsvísu og horft hefur verið til árangurs og aðferða sem þróast hafa hjá sveitarfélaginu. Áætlaðar eru tvær milljónir króna vegna samnings á milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Reykjavíkurborgar um aðkomu Hafnfirðinga að gistiheimilum borgarinnar fyrir heimilislausa. Hér er um samstarf að ræða sem hefur verið frá árinu 2017. Auk þess er gert ráð fyrir fjármagni vegna samninga við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar, Specialisterne og frú Ragnheiði. Hér er um að ræða starfsemi sem styður við þá nálgun að hvetja óvirkt ungt fólk til virkni og skapa tækifæri við hæfi. Auk þess er lögð áhersla á þann hóp sem telst utangarðs en ábendingar hafa borist frá Umboðsmanni Alþingis um að huga betur að þeim hópi. Í fjárhagsáætlun Fjölskylduþjónustu 2019 er 5 milljónum króna varið í undirbúningsvinnu við að koma á fót búsetuúræði fyrir þennan hóp.

Húsaleigubætur

Í byrjun árs 2017 öðluðust gildi ný lög um húsnæðisstuðning sem fela meðal annars í sér að almennur húsnæðisstuðningur er alfarið hjá ríki en sérstakur húsnæðisstuðningur hjá sveitarfélögum. Breyting á kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga skapar fjárhagslegt svigrúm í þágu húsnæðisverkefna. Talsvert færri hafa nýtt sér sérstakan húsnæðisstuðning við þessa breytingu og hafa ríki og sveitarfélög kynnt þetta úrræði fyrir leigjendum. Gert var samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga þess efnis að fjárhagslegt svigrúm sem skapast vegna þessara lagabreytinga verði nýtt til uppbyggingar í þágu húsnæðismála í sveitarfélögunum. Hafnarfjarðarkaupstaður hefur gætt þess að nýta svigrúmið í kaup á íbúðum og veitingu stofnframlaga. Síðustu árin hefur auk þess verið lögð áhersla á fjölgun íbúða í félagslegu húsnæðiskerfi sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir framlagi að fjárhæð 500 milljónir króna á ári til fjárfestingar í félagslega húsnæðiskerfinu til ársins 2021.

Barnavernd

Gert er ráð fyrir hækkun dvalarkostnaðar í barnavernd. Er þá byggt á reynslu síðustu ára, en samhliða stöðugri aukningu málafjölda hefur þungum og flóknum málum fjölgað mjög. Vistun barna hefur verið óhjákvæmilegt úrræði í erfiðum og flóknum barnaverndarmálum til verndar og stuðnings við börn. Vandí barna með fjölþættan vanda hefur verið áberandi síðustu árin. Meðferðarúrræðum á vegum ríkis hefur markvisst verið fækkað síðasta áratuginn sem hefur valdið því að aukinn kostnaður leggst á sveitarfélögin. Má þar nefna sólarhringsvistanir ungmenna sem reynast sveitarfélögunum mjög kostnaðarsamar. Kostnaður vegna tilsjónarmanna, persónulegra

ráðgjafa og stuðningsfjölskyldna í barnavernd er að sama skapi að aukast. Áætlun 2019 gerir ráð fyrir 310 milljónum króna og er þar um að ræða hækkun að fjárhæð 73,9 milljónir króna frá áætlun 2018.

Heimaþjónusta aldraðra og öryrkja

Á árinu 2019 verður unnið áfram að verkefni um fjölþætta heilsurækt 65 ára og eldri í Hafnarfirði – Heilsueflingu fyrir eldri aldurshópa. Fyrirmyndin að verkefninu er doktorsverkefni dr. Janusar Guðlaugssonar, íþrótta- og heilsufræðings. Niðurstöður hafa sýnt fram á að með markvissri þátttöku í fyrirbyggjandi heilsurækt eldri aldurshópa má efla hreyfigetu 70–90 ára einstaklinga, auka afkastagetu þeirra, sér í lagi þol, styrk og hreyfigetu, auka lífsgæði hinna eldri og koma í veg fyrir hreyfiskerðingu. Einnig sýnir verkefnið fram á mjög jákvæð áhrif við að draga úr áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma. Hreyfing dregur einnig úr sjúkdómum sem hafa áhrif á heilastarfsemi, eins og heilabilun. Meginmarkmið verkefnisins er að bjóða þátttakendum upp á heilsueflingu til lengri tíma. Um er að ræða íhlutun í formi daglegrar hreyfingar með áherslu á þol- og styrktarþjálfun auk fræðslu um næringu og aðra heilsutengda þætti. Þátttakendur fá þjálfunaráætlun þar sem lögð er áhersla á styrktar- og þolþjálfun auk fyrirlestra um næringu og heilsutengda þætti tengda eldri aldurshópum. Þátttakendur fá að jafnaði þrjár þjálfunarstundir í hverri viku; tvær styrktaræfingar og eina þolæfingu. Þátttakendur fá einnig regluleg fræðsluerindi, reglulegar mælingar og reglulegt endurmat. Þar fyrir utan fá þátttakendur áætlun til lengri tíma með daglega hreyfingu að leiðarljósi. Verkefnið fór af stað í byrjun árs 2018 og sýnir áfangaskýrsla marktækan árangur hvað varðar heilsu og lífsgæði þeirra sem þátt tóku í verkefninu. Áfram er gert ráð fyrir því að í verkefninu taki þátt 160 einstaklingar 65 ára og eldri sem dvelja í sjálfstæðri búsetu í Hafnarfirði og eiga þar lögheimili. Lagt er upp með jafna þátttöku karla og kvenna. Eins og áður er þátttökugjald einstaklings kr. 5.000.- á mánuði. Hægt er að nýta tómstundastyrk bæjarins til að greiða þátttökugjaldið.

Haldið verður áfram að þróa þjónustu við eldri borgara í heimahúsum, svo sem með nýtingu velferðartækni, og greind verður þörf fyrir aukið þjónustustig með viðurkenndu mælitæki. Gert er ráð fyrir auknum kostnaði vegna heimaþjónustu við eldri borgara og öryrkja en eins og áður er getið voru samþykkt ný lög á haustmánuðum sem leggja auknar skyldur á sveitarfélög hvað varðar stuðningsþjónustu við þessa hópa. Í áætlun 2019 er gert ráð fyrir 405,9 milljónum sem er 69 milljón króna hækkun frá áætlun 2018.

Liðveisla fatlaðs fólks

Launakostnaður vegna liðveislu fatlaðs fólks hækkar um 22,5 milljónir króna árið 2019, sem stafar af aukinni þörf fyrir þessa þjónustu. Eins og fram hefur komið setja ný lög sveitarfélaginu jafnframt auknar skyldur hvað varðar stuðningsþjónustu.

Ferðaþjónusta fatlaðs fólks

Gert er ráð fyrir óbreyttu framlagi 2019 til ferðaþjónustu fatlaðs fólks. Samningurinn við Strætó bs. fellur úr gildi í árslok 2019 og hefur verið unnið á vettvangi SSH að endurskoðun samningsins. Mikil vinna hefur verið lögð í greiningu á þjónustunni hvað kostnað varðar en einnig er afar mikilvægt að meta gæði þjónustunnar og grundvallaratriði er að hafa notendur með í ráðum þegar teknar eru ákvarðanir um fyrirkomulag þjónustunnar.

Málefni fatlaðs fólks

Lögð er áhersla á að þjónusta fatlað fólk í sjálfstæðri búsetu. Tveir búsetukjarnar veita einnig svokallaða utankjarnaþjónustu, þ.e.a.s. starfsfólk veitir einnig þjónustu til fólks í heimahúsum. Er hér meðal annars litið til áherslna í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) orðin lögbundið þjónustuform. Til þess að auka val fatlaðs fólks um þjónustu og fyrirkomulag stuðnings skulu sveitarfélög vinna að innleiðingu NPA á tímabilinu 2018–2022. Á innleiðingartímabilinu veitir ríkissjóður framlag til eftirfarandi fjölda samninga um NPA sem skal ráðstafað í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem tiltekinni hlutdeild af fjárhæð samninga, á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum:

- Á árinu 2018 vegna allt að 80 samninga.
- Á árinu 2019 vegna allt að 103 samninga.
- Á árinu 2020 vegna allt að 125 samninga.
- Á árinu 2022 vegna allt að 172 samninga.

Þeir samningar sem þegar hafa verið gerðir við gildistöku laganna halda gildi sínu. Hafnarfjarðarkaupstaður hefur tekið þátt í tilraunaverkefnum um NPA frá því að það fór af stað árið 2012. Nú eru 6 NPA-samningar í gildi en jafnframt eru 8 beingreiðslusamningar við notendur. Sótt hefur verið um heimild til ráðuneytisins til að breyta beingreiðslusamningunum yfir í NPA-samninga og fá þar með 25% endurgreiðslu frá ríki vegna samninganna. Kostnaður eykst um 100 milljónir vegna NPA-samninga og aukinna krafna í nýjum lögum um þjónustu við þennan hóp.

Lækur, dagþjónusta fyrir fólk með geðraskanir, hóf starfsemi árið 2003 í samvinnu við Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra og Rauða krossinn. Við yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélagsins rak Hafnarfjarðarkaupstaður Læk í samstarfi við Rauða krossinn. Rauði krossinn dró sig út úr rekstrinum um áramótin 2017/2018 og er það í samræmi við stefnu hans. Hafnarfjarðarkaupstaður tók því alfarið yfir rekstur þjónustunnar um síðustu áramót. Rauði krossinn mun áfram hafa tengingu við Læk með sjálfboðaliðum og ráðgjöf. Viðauki var settur í starfsemina á árinu að upphæð 2 milljónir.

Á árinu 2019 verða laun til stuðningsfjölskyldna hækkuð til samræmis við laun sem greidd eru fyrir þessa þjónustu í nágrannasveitarfélögunum og er 7 milljóna króna aukning í fjárhagsáætlun 2019 vegna þessa. Áhersla verður lögð á atvinnu fyrir fatlað fólk á árinu 2019. Geitungarnir halda áfram að vaxa og dafna í nýju húsnæði. Auk þess verður sett fjármagn að upphæð 44 milljónir í atvinnu með stuðningi (AMS). Eins og verið hefur undangengin ár er um að ræða miðlægan pott hjá fjölskylduþjónustu í AMS í því skyni að hvetja stofnanir sveitarfélagsins til að ráða einstaklinga með skerta starfsgetu til starfa.

Búsetukjarnar/heimili fatlaðs fólks


Áhersla er lögð á að efla menntunarstig starfsfólks á heimilum og starfsstöðvum fatlaðs fólks. Það leiðarljós verður áfram við ráðningar að faglært starfsfólk verður ráðið í þær stöður sem losna, sé þess nokkur kostur. Markið verður sett á að a.m.k. 40% starfsfólks séu með fagmenntun og að þessu markmiði verði náð innan fárra ára.

Flóttamenn og hælisleitendur

Samningur við Útlendingastofnun (ÚTL) rennur út um áramótin 2018/2019 og hefur ÚTL óskað eftir endurnýjun hans. Samningurinn var stækkaður verulega á sl. ári og þjónustar sveitarfélagið nú allt að 60 hælisleitendur á hverjum tíma. Samningurinn er liður í því hlutverki stjórnvalda að tryggja þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd á meðan mál þeirra eru til meðferðar hjá íslenskum stjórnvöldum. Fyrir þjónustu sem veitt er á grundvelli samningsins greiðist daggjald að upphæð 8.250 krónur fyrir hvern umsækjanda og er áætlað að 80% þeirrar upphæðar séu vegna fasts kostnaðar sem greiðist óháð nýtingu. Þá greiðir ÚTL Hafnarfjarðarkaupstað árlegt fastagjald fyrir þjónustuna og nemur það 12,7 milljónum króna. Fastagjaldinu er ætlað að standa straum af launa- og rekstrarkostnaði. Áætlað er að greiðslur frá Útlendingastofnun vegna þessarar þjónustu standi undir rekstri. Tveir starfsmenn verða ráðnir til að sinna þjónustunni og standa greiðslur frá ÚTL straum af þeim kostnaði.

Rekstraryfirlit:

Fjölskylduþjónusta – m. kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Tekjur:			
Þjónustugjöld	381	346	322
Samtals tekjur	381	346	322
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	2.047	1.873	1.692
Annar rekstrarkostnaður	2.293	1.992	1.861
Samtals gjöld	4.340	3.865	3.553
Rekstrarniðurstaða	(3.959)	(3.519)	(3.231)

Skipting fjármagns hjá fjölskylduþjónustu í fjárhagsáætlun 2019:**Mannauður**

Stöðugildi sviðsins og stofnana sem heyra undir sviðið:

Fjölskylduþjónusta	Stöðugildi 2019	Stöðugildi 2018	Stöðugildi 2017
Skrifstofa	26,4	22,4	21,9
Áfram verkefni/barnavernd	5	4,6	3
Þjónusta við aldraða	23	21	24,4
Þjónusta við fatlað fólk	142,8	138,7	129,9
Samtals	197,2	186,7	179,2

Fjölskylduþjónusta	Fj. stöðugilda 2019	Fjöldi starfsmanna 2019	Fj. stöðugilda 2018	Fjöldi starfsmanna 2018	Br. s töðug. 2019/2018
Skrifstofa félagsþjónustu	26,4	27	22,4	23	4
Áfram	2,3	3	2,1	3	0,2
Barnaverndarmál	2,7	4	2,5	4	0,2
Tómstundast. aldraðra	1,8	5	1,8	5	0
Heimþjónusta	17,7	28	15,7	26	2
Félagsþjónustan Hraunsel	3,5	4	3,5	5	0
Atv. með stuðningi/öryrkjar	10	19	8	17	2
Málefni fatlaðs fólks	3	3	3	3	0
Straumhvörf	10,1	15	10,1	14	0
Berjahlíð	9,3	14	9,3	13	0
Blikaás	10,5	21	10,5	20	0
Einiberg	7,5	13	7,5	13	0
Erluás	7	11	7	11	0
Smárahvammur	7,7	10	7,7	10	0
Steinahlíð	7,7	14	7,7	14	0
Svöluás	8,6	10	8,6	10	0
Svöluhraun	7,6	13	7,6	13	0
Hnotuberg	8,8	18	8,8	17	0
Hæfingarstöðin Bæjarhrauni	11,5	13	11,5	13	0
Þjónustuíbúðir Drekavöllum	10	15	10	14	0
Lækur	2,5	4	2,5	3	0
Húsið	9	10	15,5	20	-6,5
Geitungar	8	10			8
Kletturinn	4	7	3,4	6	0,6
Samtals	197,2	291	186,7	277	10,5

Stöðugildum fjölgar á skrifstofu Fjölskylduþjónustunnar vegna Hafnarfjarðarlíkansins og barnaverndar.

2.5 Fræðslu- og frístundapjónusta

Undir fræðslu- og frístundapjónustu Hafnarfjarðarkaupstaðar heyra málefni dagforeldra, leikskóla, grunnskóla, íþróttá og tómstunda, tónlistarskóla og námsflokka í Hafnarfirði. Yfirstjórn málefna fræðslu- og frístundapjónustu fer fram í gegnum sviðsskrifstofu hennar. Fjárheimildir sviðsins hækka í heild sinni úr 14,1 milljörðum króna í 15,4 milljarða króna, sem samsvarar 8,7% hækkun á milli ára. Fjárheimild vegna fræðslu- og uppeldismála hækkar um 1,1 milljarð króna á árinu eða um 9%. Launakostnaður hækkar um 910 milljónir króna eða um 11%. Óvissa er vegna kjarasamninga á næsta ári. Sá þáttur mun hafa áhrif á áætlanir sviðsins á fjárhagsárinu. Áætlunin gerir ráð fyrir þessum óvissuþætti.

Fræðslu- og uppeldismál

Sameiginlegur kostnaður

Lögð er áhersla á stuðning við eflingu alls starfs nemenda á öllum skólastigum í Hafnarfirði. Áhersla hefur verið lögð á starfsumhverfi skólanna og fjölbreytt starf sem miðar að því að nemendur vaxi og dafni í skapandi umhverfi. Þar er einna helst lögð áhersla á að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í framtíðarsamfélagi, snemmtæka íhlutun og árangur hvers og eins. Forgangsröðun fjármagnsins miðar að því að hámarka gæði skólastarfsins svo að nemendur nái árangri, líði vel og hafi jákvæða sjálfsmynd og sterkan grunn til að takast á við áskoranir til árangurs í lífi og starfi.

Áfram verður lögð rík áhersla á að vinna að snemmtækri íhlutun og innleiðingu á Hafnarfjarðarlíkaninu í samvinnu við fjölskyldupjónustu. Markmið þeirrar vinnu er að koma til móts við þarfir nemenda og fjölskyldna þeirra á fyrri stigum og efling fjölbreyttra úrræða innan skólakerfisins. Líðan og velferð barna er mikilvægasta ástæða þess að Hafnarfjarðarlíkanið hefur verið í þróun innan sviðanna tveggja. Þrjú hverfi vinna nú að þróun líkansins í leik- og grunnskólum. Sú vinna verður nýtt með öllum skólum bæjarins. Þannig er tryggt samstarf skóla bæjarins og fjölskyldupjónustu sem vinnur samkvæmt víðasta ramma laga um félagspjónustu sveitarfélaga. Á árinu munu úrræði innan og utan skólanna fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra verða þróuð enn frekar. Þar er horft til íhlutunar á fyrri stigum og markviss stuðnings við skólana, nemendur og fjölskyldur til að vinna saman að úrlausnum. Þessi breyting endurspeglast í breyttu vinnulagi og verkferlum í anda lærdómssamfélags, innan sem utan skrifstofu fræðslu- og frístundarpjónustu, og meiri áherslu á snemmtæk viðbrögð og forvarnir í víðasta skilningi. Áhersla á snemmtæka íhlutun felur í sér að börn fái aðstoð og hjálp sem fyrst á lífsleiðinni og að liðsinni sé veitt áður en vandi ágerist með skaðlegum og óafturkræfum afleiðingum. Vinna og áherslur þróunarsjóðs á fjárhagsárinu 2019 endurspeglast í eflingu þjónustu og stuðnings við skólana þar sem litið er svo á að það sé eitt af mikilvægustu forgangsverkefnum sveitarfélagsins til að minnka álag á skólakerfið til handa starfsfólki og nemendum með áherslu á þverfaglega nálgun. Stöðugildum sálfræðinga til að sinna leik- og grunnskólum var fjölgað á árinu og eru nú um 800 grunnskólanemendur á hvert stöðugildi í Hafnarfirði (voru áður um 1200). Markmiðið er að sinna forvarnarhlutverki enn frekar, halda námskeið og ganga á biðlista.

Lestrarstefnan „Lestur er lífins leikur“ hefur fest sig í sessi sem og UT-verkefnið um innleiðingu á spjalddölvum og er þróun starfshátta innan skólanna í takti við það. Þróunarsjóður mun því á nýju fjárhagsári áfram tryggja þeim verkefnum brautargengi með stöðugildum sem fest verða inni í skólum og á skrifstofu fræðslu- og frístundapjónustu. Áherslur sjóðsins munu því snúa að snemmtækri íhlutun og forvörnum þar sem meginsteifið er að forsenda slíkra snemmtækra íhlutana sé að allar stofnanir samfélagsins sem koma að málefnum barna leggi sig fram við að brjóta niður múra milli málaflokka, stjórnsýslustiga og stofnana og tryggja þverfaglega nálgun og samstarf allra sem bera ábyrgð gagnvart börnum. Efling á aðgangi nemenda að fjölbreyttri félags- og heilbrigðisþjónustu, þverfagleg samvinna, ráðgjöf og handleiðsla bæði innan skóla sem utan er hluti af þeirri vinnu sem hafin er.

Samtal við skólaumhverfið og þeir starfshópar sem störfuðu á árinu voru mikilvægir við val á áherslum fjárhagsáætlunar. Starfshópar um Heilsueflandi samfélag, samstarf heimilis og skóla, fæðismál í grunnskólum, næringarútreiknaða matseðla í leikskólum, bættar starfsaðstæður í leikskólum og styttingu vinnuvikunnar og UT-stefnu hafa lagt grunn að áherslum.

Leikskólar og dagvistunarmál

- Aukinn systkinaafsláttur af dvalargjaldi í leikskólum; afsláttur fyrir annað systkini fer úr 50% í 75% og fyrir þriðja systkini úr 75% í 100%.
- Tekjutengdur afsláttur verður aukinn. Afsláttarprósenta neðra þreps fer úr 40% í 75% og afsláttarprósenta efra þreps fer úr 20% í 50%.
- Á árinu var fyrsta skrefið stigið í að auka rými barna á leikskólum þegar lágmarksfermetrafjöldi í leikrými var aukinn úr 3,2 fermetrum og bundinn við 3,5 fermetra fyrir hvert barn. Lágmarksheildarrými fyrir hvert barn var aukið úr 7,2 fermetrum í 8 fermetra. Auk þess er áfram unnið með tillögur starfshóps um bættar starfsaðstæður í leikskólum. Þar er m.a til skoðunar stytting vinnuvikunnar, vistunartími, nýliðun, forgangsröðun verkefna o.fl.
- Leikskólagjöld verða óbreytt á milli ára. Er þetta sjötta árið í röð sem dvalargjöld á leikskólum bæjarins hafa verið þau sömu, eða frá árinu 2014.
- Yfirvinnustundum starfsmanna í leikskólum fjölgaði úr 21 stund í 44 frá 1. janúar 2018, samtals aukning um 52,5 milljónir króna. Með þessari fjölgun yfirvinnustunda fá leikskólastjórar aukið svigrúm til að koma til móts við aukið álag, manneklu og þau fjölmörgu verkefni sem leikskólinn stendur frammi fyrir. Yfirvinnustundirnar verða áfram 44 með áherslu á að koma til móts við aukið álag.
- Áfram verður stutt við starfsmenn leikskóla í réttindanámi til B.Ed.-prófs í leikskólakennarafræðum með afleysingu þegar starfsfólk sækir nám á vinnutíma. Námskostnaður í skólalabur verður áfram greiddur fyrir þá sem vilja sækja sér menntun sem leikskólaliðar. Auk þess vinnur faghópur um starfsaðstæður í leikskólum að leiðum til að efla nýliðun og stuðning við einstaklinga sem hyggjast stunda nám í leikskólakennarafræðum.
- Gert er ráð fyrir fjögurra deilda leikskóla í Skarðshlíð frá og með hausti 2019.
- Undirbúningsvinna vegna fjölgunar leikskóladeilda miðsvæðis í Hafnarfirði, í Smáralundi, frá hausti 2020 hefjist á árinu.
- Í framkvæmdaáætlun er gert ráð fyrir að starfsmannaaðstaða í Leikskólanum Hlíðarenda og Hlíðarbergi verði stækkuð. Þarfragreining og hönnun liggur fyrir. Verkið verður boðið út eftir að fjárhagsáætlun 2019 hefur verið samþykkt. Hönnun vegna stækkunar starfsmannarýmis og aðstöðu á Vesturkoti hefst haustið 2019.
- Stytting vinnuvikunnar, tilraunaverkefni í tveimur leikskólum frá hausti 2019 er í skoðun.

Grunnskólar

- Deildarstjórn stoðþjónustu fest í sessi innan hvers grunnskóla – 50% stöðugildi.
- Deildarstjórn UT 50% á skóla fest í sessi.
- Systkinaafsláttur í fæðisgjöldum nemenda. Þriðja systkini fær frítt. Áætlaður kostnaður 17,5 m.kr.
- Áfram verður aukafjármagn til grunnskóla, samtals 35 milljónir króna á árinu, til ráðstöfunar vegna greiðslna til grunnskólakennara vegna þróunarstarfs og forystuhlutverka í teymum.
- Enn fremur verður áfram sett aukið fjármagn til ráðstöfunar til grunnskólakennara í handleiðslu og frekari endurmenntunar.

Önnur fræðslustarfsemi

Gjaldskrá helst óbreytt í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Unnið er við framkvæmdir við tónlistardeild við Skarðshlíðarskóla. Samningar eru við HÍ og HA um fjarnám í Menntasetrinu við lækinn.

Rekstraryfirlit:

Fræðsluþjónusta – m. kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Tekjur:			
Samtals tekjur	1.030	1.045	927
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	9.306	8.470	7.596
Annar rekstrarkostnaður	5.079	4.825	4.507
Samtals gjöld	14.385	13.295	12.103
Rekstrarniðurstaða	(13.355)	(12.250)	(11.176)

Stöðugildi og starfsmanna- og nemendafjöldi sviðsins og stofnana sem heyra undir það eru sem hér segir:

Leikskólar	Fj. stöðu- gilda 2019	Fj. stm. 2019	Fj. nem. 2019	Fjöldi dval. gilda 2019	Fj. stöðu- gilda 2018	Fj. stm. 2018	Fj. nem. 2018	Fjöldi dval.gi lda 2018
111-Álfaberg	22,46	27	85	889,5	23,86	27	94	1.029
112-Norðurberg	28,59	31	104	1.092	30,64	33	108	1.137
113-Arnarberg	24,06	26	80	849,1	26,47	28	90	895
114-Smáralundur	17,38	21	55	555,9	17,25	20	58	558
115-Viðivellir	40,75	38	110	1.140	39,98	46	126	1.354
116-Hvammur	29,11	33	122	1237,4	32,53	38	127	1.254
118-Hlíðarberg	28,3	33	106	1042	24,71	32	101	976
119-Vesturkot	26,29	30	84	904,6	26,74	30	84	951
121-Hlíðarendi	22,71	24	84	940	24,92	27	89	1.026
122-Hörðuvellir	19,78	21	75	670,9	19,99	22	83	802
123-Álfasteinn	26,87	25	77	849,2	23,47	25	82	832
124-Tjarnarás	25,25	31	80	869,4	26,67	32	90	912
125-Stekkjarsás	47,72	50	170	1.853,1	47,01	49	176	1.925
126-Hraunvallaskóli	25,35	27	94	996,5	29,67	31	95	1.063
129-Bjarkalundur	24,2	26	80	819,5	25,97	28	84	884
Samtals:	408,82	443	1.406	14.709	419,88	468	1.487	15.598

Fjöldi nemenda, kennslustunda og stöðugilda:

Grunnskólar	Fjöldi kennslustunda 2019	Fjöldi stg. í kennslu og stjórnun 2019	Fjöldi stg. annarra starfsm 2018	Fjöldi nem. 2018	Fjöldi kennslustunda 2017	Fjöldi kennslustunda 2017
Lækjarskóli	1.443	57	19	510	1.567	1.567
Öldutúnsskóli	1.375	57	14	563	1.354	1.226
Víðistaðaskóli og Engidalur	1.647	68	22	742	1.613	1.557
Setbergsskóli	1.152	38	20	425	1.182	1.145
Áslandsskóli	1.249	48	22	540	1.198	1.204
Hvaleyrarskóli	1.048	43	34	436	1.164	942
Hraunvalla-skóli	2.029	72	34	857	2.045	2.102
Skarðshlíð	369	18	7	144	244	
Barnaskóli Hjallastefnu				90		
Nú				50		
Samtals:	10.312	401	172	4.357	10.367	9.743

Önnur fræðslustarfsemi / stoðþjónusta	Stg. 2019	Stm. 2019	Stg. 2018	Stm. 2018	Stg. 2017	Stm. 2017
Skólaskrifstofa	6,8	7	8	9	5,85	6
Sérfræðiþjónusta	15,8	16	16	16	12,7	13
Menntasetrið	1	1	1	1	2	2
Tónlistarskóli (ásamt Tónkvísl)	35,7	46	34,3	48	34,8	48
Lúðrasveit Víðistaðaskóla	2,4	4	2,4	4	1,9	4
Samtals:	61,7	74	61,7	78	57,25	73

2.6 Æskulýðs- og íþróttamál

Undir æskulýðs- og íþróttamál Hafnarfjarðarkaupstaðar heyra málefni íþróttá, tómsunda og forvarna. Yfirstjórn málefna fræðslu- og frístundaþjónustu fer fram í gegnum sviðsskrifstofu hennar. Fjárheimild hækkar um 126 milljónir milli ára eða um 7%. Fjárheimild var 1,9 milljarðar árið 2018 en er áætluð 2 milljarðar fyrir árið 2019.

Gjaldskrár eru óbreyttar milli ára. Gert er ráð fyrir að launaliður Vinnuskóla Hafnarfjarðar hækki í takt við aðrar hækkanir vegna launa í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar eða um 2%. Árið 2019 fjölgar þeim tímum sem yngstu hópar vinnuskólans, nemendur úr 8. – 10. bekk, fá tækifæri til að vinna um sumar eða um 10 klst. fyrir hvern aldurshóp.

Fjöldi unglunga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar sumarið 2018 og þróun tímakaups án orlofs:

	Fjöldi	Í skólum í Hfj.	Hlutfall (%) unglunga	Tímakaup 2016	Tímakaup 2017	Tímakaup 2018	Tímakaup 2019
8.bekkur	328	414	79%	416	502	544	555
9.bekkur	236	383	62%	470	568	615	627
10.bekkur	140	364	38%	625	755	819	835
Samtals	704	1161	60%				

Hlutfall og fjöldi unglunga

Fjöldi unglunga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar sumarið 2018:

	Fjöldi	Í skólum Hafnarfjarðar	Hlutfall (%) unglunga
8. bekkur	328	414	79%
9. bekkur	236	383	62%
10. bekkur	140	364	38%
Samtals	704	1161	60%

Hlutfall nemenda í Vinnuskóla Hafnarfjarðar sumarið 2017:

	Fjöldi	Í skólum Hafnarfjarðar	Hlutfall (%) unglunga
8. bekkur	285	363	78%
9. bekkur	226	359	63%
10. bekkur	238	320	43%
Samtals	749	1042	62%

Áherslur 2019

- Síðasta vor var vígður nýr íþróttasalur á Ásvöllum. Íþróttæfingar hófust þar strax á vormánuðum og íþróttakennsla grunnskólanna hófst um haustið. Áætlun gerir ráð fyrir um 15 milljónum króna til viðbótar vegna rekstrar hússins og sjö milljónum króna vegna starfsmannafjölgunar vegna baðvörslu og þrifa.
- Fristundaakstur er nú fyrir sex til níu ára börn í fyrsta til fjórða bekk. Verkefnið hefur gengið vel og um 1500 börn nýta sér aksturinn í viku hverri. Ekið er á æfingar sem hefjast kl. 15:00 og 16:00 og er ekið frá öllum grunnskólunum í tónlistarskóla og til allra íþrótt- og tómstundafélaga í Hafnarfirði sem eru með æfingar á þessum tíma. Með þessu stýttist vinnudagur barna, akstur foreldra minnkar og íþróttamannvirki verða enn betur nýtt. Áætla má að þessi viðbótarþjónusta kosti um um 10 milljónir króna til viðbótar fyrir árið 2019.
- Virkir samningar eru milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og íþrótt- og tómstundafélaga. Rekstrarsamningar hækka að jafnaði um 1,3% og þjónustusamningar um 4%.
- Nýtt íþróttafélag, bogfímifélagið Hrói Höttur, hóf starfsemi sína árið 2018. Stefnt er að því að gera samning við félagið fyrir næsta ár upp á 400.000.- kr. Í kjölfar reynslu næsta árs yrði síðan gerður þjónustusamningur við félagið eins og önnur íþróttafélög.
- Fræðsluráð samþykkti stofnun ungmennahúss árið 2018 að Suðurgötu 14. Húsið verður opnað í byrjun árs 2019 en verkefnastjóri ungmennahússins mun hefja störf í desember 2018. Ungmennahús er félagsmiðstöð fyrir ungmenni 16–24 ára þar sem unglíngalýðræði ríkir. Heildarrekstur fyrsta árs ungmennahúss er áætlaður um 23 milljónir króna
- Verkefni vegna Heilsubæjarins Hafnarfjarðar tilheyra sviðinu en verkefnið er þverfaglegt og tengist mörgum sviðum Hafnarfjarðarkaupstaðar. Helstu verkefni sem eru fyrirhuguð árið 2019 eru m.a. heilsufarsmælingar fyrir bæjarbúa, fræðsla um geðsjúkdóma og forvarnir fyrir 9. bekkinga, núvitundarfræðsla og menningar- og heilsugöngur næsta sumar. Áætlað er að 10 milljónir króna renni í verkefni Heilsubæjarins Hafnarfjarðar.

Taflan sýnir framlög til íþróttafélaganna á næsta ári og síðustu þriggja ára:

	2018						Samtals 2019	2019	
	2016	2017	2018	Rekstur	Þjónusta	Matrixa		Rekstur	Þjónusta
Fimleikafélag Hafnarfjarðar									
Íþróttamiðstöð Kaplakrúka	96.990	100.542	101.662	101.662			103.446	103.446	
Knatthúsið Kaplakrúka	9.550	9.922	29.038	29.038			29.619	29.619	
Þjónustusamningur	15.440	16.540	17.425		17.425	VIII	17.789		17.789
Kaplakrúkavöllur – Sláttur og umhirða	4.900	4.900	4.966	4.966			5.165	5.165	
	126.880	131.904	153.091	135.666	17.425		156.018	138.230	17.789
Knattspyrnufélagið Haukar									
Íþróttamiðstöð Ásvöllum	85.700	90.331	99.541	99.541			114.383	114.383	
Þjónustusamningur	12.720	13.820	14.450		14.450	VII	14.729		14.729
Íþróttasvæði Ásvöllum – Sláttur og umhirða	4.000	4.000	4.054	4.054			4.216	4.216	
	102.420	108.151	118.045	103.595	14.450		133.328	118.599	14.729
Fimleikafélagið Björk									
Íþróttamiðstöð Bjarkar	28.890	30.017	30.419	30.419			30.953	30.953	
Þjónustusamningur	10.000	11.100	11.450		11.450	VII	14.729		14.729
	38.890	41.117	41.869	30.419	11.450		45.682	30.953	14.729
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar									
Afrestsstyrkir ÍBH	6.000	7.000	7.000		7.000		13.000		13.000
ÍBH – Skrifstofa	8.000	9.000	10.000		10.000		10.600		10.600
ÍBH – V/Íþróttahúsa, svæða	1.500	1.559	10.000		10.000		10.000		10.000
	15.500	17.559	27.000	0	27.000		33.600	0	33.600
Önnur félag									
Golfklúbburinn Keilir	7.000	7.342	7.440	6.440	1.000	II	9.220	6.524	2.696
Hestamannafélagið Sörli	10.660	10.900	13.316	10.884	2.432	II	13.721	11.025	2.696
Siglingaklúbburinn Þytur	10.432	6.783	6.874	5.874	1.000	II	8.646	5.950	2.696
Hamarsvöllur - Sláttur og umhirða	3.816	3.816	4.054	4.054			4.216	4.216	
Skátafélagið Hraunbúar	8.617	8.276	8.915	8.915			9.062	9.062	
Íþróttafélagið Fjörður	1.200	1.300	1.500	500	1.000		1.523	510	1.013
Sundfélag Hafnarfjarðar	4.880	5.400	5.950		5.950	IV	6.062		6.062
Skotiþróttafélag Hafnarfjarðar	400	400	400	400			400	400	
Dansíþróttafélag	2.160	2.400	2.432		2.432	II	2.696		2.696
Skákfélagið	200	200	200	200			200	200	
Badmintonfélag Hafnarfjarðar	3.520	3.900	4.300		4.300	III	4.379		4.379
Golfklúbburinn Setbergi	820	820	800	800			800	800	
Kvartmfluklúbburinn	400	400	400	400			400	400	
Íþróttafélag Hafnarfjarðar	300	300	600	600			600	600	
Hnefaleikfélag	3.300	3.529	3.664	2.664	1.000		3.099	2.699	400
Bridgefélagið	400	400	400	400			400	400	
Aksturíþróttafélag Hafnarfjarðar	400	400	400	400			400	400	
Brettafélag Hafnarfjarðar	1.500	1.560	6.650	4.000	2.650	III	8.431	4.052	4.379
Bogfímifélagið Hrói Höttur							400	400	
Bláfjallasvæði	26.459	31.576	34.121	32.121	2.000		36.272	34.272	2.000
	87.089	90.327	102.416	78.652	23.764		110.927	81.910	29.017
Samtals	370.779	389.058	442.421	348.332	94.089	-	479.556	369.692	109.864

Rekstraryfirlit:

Æskulýðs- og íþróttamál – m. kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Tekjur:			
Samtals tekjur	593	553	697
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	803	757	953
Annar rekstrarkostnaður	1.821	1.683	1.660
Samtals gjöld	2.624	2.440	2.613
Rekstrarniðurstaða	(2.031)	(1.887)	(1.916)

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda stöðugilda og starfsmanna:

Æskulýðs- og íþróttamál	Fjöldi stöðugilda 2019	Fjöldi starfsmanna 2019	Fjöldi stöðugilda 2018	Fjöldi starfsmanna 2018	Fjöldi stöðugilda 2017	Fjöldi starfsmanna 2017
Skrifstofa æskulýðsmála	3	3	3	3	3	3
Frístundaheimilið Lækjarsel	6	13	8	19	7,9	17
Frístundaheimilið Selið	7,71	15	6,2	14	7,1	11
Frístundaheimilið Hraunkot	7,86	12	5,5	11	5	10
Frístundaheimilið Álfakot	8,13	12	5,3	11	4,7	12
Frístundaheimilið Krakkaberg	9,01	18	6,4	15	8,3	15
Frístundaheimilið Tröllheimar	9,13	11	5,9	15	7,4	14
Frístundaheimilið Holtasel	5,29	9	4,6	7	3,2	6
Frístundaheimilið Hraunsel	8,1	19	8,2	16	10,6	23
Frístundaheimilið Skarðssel	6,41	12			-	-
Félagsmiðstöðin Músik og mótör	1,2	3	1,2	3	1,45	3
Félagsmiðstöðin Vitinn	2,75	7	2,2	7	2,2	8
Félagsmiðstöðin Aldan	2,75	7	2,2	7	2,2	7
Félagsmiðstöðin Hraunið	3,6	8	3,6	11	2,2	7
Félagsmiðstöðin Setrið	2,75	7	2,2	6	2,2	8
Félagsmiðstöðin Ásinn	2,75	7	2,2	7	2,2	7
Félagsmiðstöðin Verið	2,75	7	2,2	6	2,2	7
Félagsmiðstöðin Mosinn	2,75	7	2,2	8	2,2	7
Samtals félagsmiðstöðvar og frístundaheimili	91,94	177	71,1	166	74,05	165
Íþróttahús Strandgötu	3,8	4	4	4	4	4
Samtals íþróttahús	3,8	4	4	4	4	4
Suðurbæjarlaug	11,5	19	10,7	18	12,9	14
Sundhöll Hafnarfjarðar	5,4	6	5	6	5	5
Ásvallalaug	18,8	28	17,9	21	20,1	22
Samtals sundlaugar	35,7	53	33,6	45	38	41

2.7 Menningarmál

Menningarmál heyrar undir stjórnslusvið og heyrar forstöðumenn Byggðasafns, Bókasafns og Hafnarborgar því undir sviðsstjóra stjórnslusviðs. Verkefnastjóri á stjórnslusviði hefur umsjón með Jólaborpi og viðburðum og menningarmálum öðrum en þeim sem forstöðumenn Byggðasafns, Bókasafns og Hafnarborgar hafa umsjón með. Hátíðarhöld á 17. júní eru í umsjón íþrótt- og tómsundasviðs. Til menningarmála er varið um 480 milljónum króna og er þá framlag til Byggðasafns, Bókasafns og Hafnarborgar meðtalið. Framlag til leikhúsmála er 20 milljónir króna samkvæmt samningi við Gaflaraleikhúsið. Kostnaður vegna Bæjarbíós er einkum innri húsaleiga og hiti og rafmagn, eða alls um 10,5 milljónir króna. Styrkir til menningarmála sem menningar- og ferðamálanefnd úthlutar hækka ríflega, eða um þrjár milljónir króna, og verða alls ellefu milljónir króna en að auki eru lagðar til 1,5 milljónir króna vegna bæjarlistamanns. Framlag vegna höggmyndagarðs er óbreytt, eða um þrjár milljónir króna, og verður því unnt að vinna áfram að viðhaldi á útilistaverkum bæjarins. Framlag vegna ýmissa hátíða er óbreytt 3,6 milljónir króna og til Jólaborpsins 12 milljónir króna.

Rekstraryfirlit:

Menningarmál – m. kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Tekjur:			
Samtals tekjur	20	22	26
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	226	200	194
Annar rekstrarkostnaður	274	253	235
Samtals gjöld	500	453	429
Rekstrarniðurstaða	(480)	(431)	(403)

Atvinnumál

Hafnarfjarðarkaupstaður greiðir framlag til MsH, 14,3 milljónir króna, sem ætlað er að standa undir launakostnaði og eina milljón króna sem ætlað er að standa undir öðrum kostnaði við rekstur skrifstofu. Auk þess leggur bærinn MsH til skrifstofuhúsnæði og er skrifstofa MsH til húsa á Linnestíg.

Á bæjarráðsfundi 25. janúar 2018 var skilað skýrslu um næstu skref um Lífsgæðasetur í St. Jó. Bæjarstjóra var falið að undirbúa ráðningu verkefnastjóra og skipa samstarfsvettvang um rekstur Lífsgæðaseturs í St. Jó. Á fundi bæjarráðs 8. febrúar var erindisbréf samstarfsvettvangs samþykkt og jafnframt skipað í hópinn. Verkefnastjóri Lífsgæðaseturs í St. Jó. hóf störf 15. maí sl. og er í 50% stöðu. Á vordögum var auglýst eftir áhugasömum aðilum og hafa þegar verið samþykktar umsóknir. Framkvæmdir við endurbætur á húsinu hafa staðið yfir allt þetta ár og er gert ráð fyrir að fyrstu leigjendur flytji í húsið á fyrsta ársfjórðungi 2019. Í fyrsta áfanga verða fjórða hæðin og helmingur af annarri hæð tekin í notkun. Framkvæmdir halda áfram á næsta ári.

Rekstraryfirlit:

Atvinnu- og ferðamál – m. kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Tekjur:			
Samtals tekjur	13	0	4
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	6	5	13
Annar rekstrarkostnaður	62	37	18
Samtals gjöld	68	42	31
Rekstrarniðurstaða	(55)	(42)	(27)

Bókasafn

Bókasafn Hafnarfjarðar (BH) er þekkingarveita og fræðslustofnun sem heldur uppi virkri og fjölþættri bókasafns- og upplýsingaþjónustu. Safnið rækir hlutverk sitt með því að jafna aðgengi að menningu og þekkingu og veita óheftan aðgang að upplýsingum og afþreyingu án tillits til forms eða framsetningar. Áhersla er lögð á að safnkostur BH endurspegli sem flest sjónarmið og að félagsleg ábyrgð safnsins felist í því að veita öllum bæjarbúum aðgengi að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum svo þeir geti á upplýstan hátt tekið ákvarðanir um margvísleg álitamál.

Meginmarkmið og gildi

- Að BH sé aðgengilegt öllum bæjarbúum og hluti af daglegu lífi þeirra.
- Að starfsemi BH einkennist af víðsýni og virðingu gagnvart fólki af ólíkum uppruna og stöðu. Að friðhelgi, fagmennska, fjölbreytni og þjónustulund séu hornsteinar starfseminnar.
- Að BH veiti aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi og efli þannig menningarstarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi.
- Að starfsfólk BH tileinki sér nýjungar á sviði bókasafns- og upplýsingaþjónustu og skipi sér í framvarðarsveit íslenskra almenningsbókasafna með jákvæðri, markvissri og öflugri þjónustu.
- Að fjölbreytt viðburðahald BH beri jafnan keim af og endurspegli þjóðfélag í gerjun.
- Að safnfræðsla og sögustundir og heimsóknir í BH nái til nemenda á öllum skólastigum og heimsókn í BH sé eftirsóknarverður valkostur sem styrki framþróun í skólastarfi.
- Að BH sé virkur þátttakandi samvinnu bókasafna nágrannasveitarfélaga og í faglegu þróunarstarfi almenningsbókasafna á landsvísu.

Safnkostur (BH) er um 130 þúsund eintök og árlega eru lánuð 220–230 þúsund eintök til þeirra 135–140 þúsund gesta er ýmissa hluta vegna heimsækja safnið. Útlán nema því um átta eintökum á hvern bæjarbúa. Unnið er að endurskoðun og uppfærslu stefnumótunar BH um uppbyggingu safnkosts, bókval, grisjun, meðferð gjafa o.fl. Grisjunarátaki sem hófst árið 2018 verður fram haldið.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir sértekjum að upphæð 8 milljónir króna. Árgjald er hækkað og verður 2.000 kr. árið 2019. Skilasektir á mynddiskum hækka frá fyrra ári en verða óbreyttar að öðru leyti. Stöðugildi eru 14,5 en starfsmenn eru 17. Þeim til viðbótar starfa sex tímavinnustarfsmenn hjá safninu. Afgreiðslutími verður óbreyttur. Öll starfsemi safnsins fer fram á Strandgötu 1. Stærstu kostnaðarliðir eru innri húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa, ræsting o.fl. Stefnt er að því að nútímavæða vinnuáðstöðu starfsmanna í samræmi við vinnuverndarsjónarmið, staðla Vinnueftirlitsins og niðurstöður vinnustaðargreiningar haustið 2017.

Stefnt er að enn fjölbreyttara viðburðahaldi bókasafnsins. Með nýjum viðburðastjóra koma nýjar hugmyndir sem hrint verður í framkvæmd, t.d. teiknimyndasmiðjur og ritsmiðjur, barnaviðburðir á laugardögum o.fl. Áfram verður unnið að sameiginlegri skipulagningu og markaðssetningu viðburða menningarstofnana miðbæjarins og að sjálfsögðu tekur BH af fullum krafti þátt í sameiginlegum viðburðum bæjarins; Björtum dögum, Bóka- og bíóhátíð, Safnanótt o.fl. Undirbúið verður að bjóða bæjarbúum upp á bókmenntagöngur. Skipuð verður nefnd starfsmanna vegna 100 ára afmælis BH haustið 2022.

BH stefnir að því að auka þjónustu við nýbúa og hælisleitendur og hlúa vel að þeirri starfsemi sem fyrir er í safninu. Þýska starfið blómstrar en pólska starfið verður að taka fastari tókum, t.d. með því að ráða starfsmann í fullt starf til að sinna því og öðrum fjölmenningslegum verkefnum. Áfram verður, í góðri samvinnu við Rauða krossinn, stutt við námsaðstoðina Heilahristing, en þátttaka í verkefninu er sveiflukennnd.

Rekstraryfirlit:

Bókasafn – m. kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Tekjur:			
Samtals tekjur	8	13	12
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	132	124	118
Annar rekstrarkostnaður	81	74	65
Samtals gjöld	213	198	183
Rekstrarniðurstaða	(205)	(185)	(171)

Byggðasafn

Fjárhagsáætlun Byggðasafns Hafnarfjarðar fyrir árið 2019 hljóðar upp á 74,2 milljónir króna og skiptist í grófum dráttum þannig að launakostnaður er áætlaður 34,7 milljónir króna og rekstrarkostnaður fasteigna rúmar 29 milljónir króna. Stærstu liðir þessa kostnaðar eru innri húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa, ræsting o.s.frv. Kostnaður sem snýr að faglegu starfi safnsins og miðlunarhlutverki þess mun nemur um 10,5 milljónum króna. Föst stöðugildi á safninu eru 3 en að auki eru á safninu þrjár 75% stöður í þrjá mánuði á ári við yfirsetu yfir sumarið og stöður yfirsetufólks sem situr yfir sýningum um helgar, aðallega á sumrin en einnig yfir vetrarmánuðina.

Byggðasafnið heldur að jafnaði úti níu sýningum í sex húsum ár hvert og þar af eru tvær nýjar sýningar settar upp á ári. Eldri sýningar eru uppfærðar og lagfærðar að nokkru marki ár hvert. Áfram verður unnið að eðlilegu viðhaldi og þróun fastasýninga safnsins í Pakkhúsinu, Siggubæ, Sívertsens-húsinu, Bungalowinu, Góðtemplarahúsinu og Beggubúð. Sett verður upp sýning í Lífsgæðasetri St. Jó. um sögu spítalans.

Safnið stendur fyrir viðburðum af ýmsu tagi, svo sem sögu- og minjagöngum, fyrirlestraröð, jóladagskrá o.fl. Þá er safnið einnig þátttakandi í viðburðum eins og Safnanótt, Björtum dögum, Íslenska safnadeginum o.fl. Þá mun safnið taka þátt í ýmsum viðburðum á árinu, svo sem Safnanótt, Íslenska safnadeginum, Björtum dögum, Jólaborpinu, jóladagskrá fyrir leikskóla o.fl.

Rekstraryfirlit:

Byggðasafn – m. kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Tekjur:			
Samtals tekjur	1	1	1
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	35	32	32
Annar rekstrarkostnaður	40	35	34
Samtals gjöld	75	67	66
Rekstrarniðurstaða	(74)	(66)	(65)

Hafnarborg

Gert er ráð fyrir sértekjum að upphæð 9,4 milljónir króna. Er það hækkun um eina milljón milli ára. Á safninu eru 3,7 stöðugildi. Ein 60% staða afgreiðslufulltrúa, 50% staða umsjónarmanns fasteigna/tæknimanns og 1,6 stöður safnfulltrúa sem tveir starfsmenn hafa skipt með sér. Forstöðumaður er í 100% starfi. Auk þess er tímavinnufólk á föstum vöktum í afgreiðslu um helgar og tæknimenn sem vinna við uppsetningu sýninga.

Rekstrarkostnaður fasteigna Hafnarborgar er samkvæmt þessari áætlun 49,5 milljónir króna, en öll starfsemi Hafnarborgar fer fram í húseigninni Strandgötu 34. Geymslur safnsins eru í kjallara hússins, sýningarsalir og veitingaaðstaða á fyrstu og annarri hæð og skrifstofur auk listamannaíbúðar á annarri hæð og í risi. Stærstu liðir þessa kostnaðar eru innri húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa, ræsting o.s.frv. Eftir því sem húsið eldist hefur viðhaldspörf aukist, t.d. vegna öryggiskerfa, lyftu og loftræstikerfa. Kostnaður við kaup á búnaði er 450 þúsund krónur. Stöðugt er unnið að endurnýjun tækjabúnaðar, sérstaklega til sýninga á stafrænu efni. Nauðsynlegt er að búnaður safnsins mæti þeim kröfum sem gerðar eru af listamönnum.

Kostnaður sem snýr að faglegu starfi safnsins, hvers konar listrænni starfsemi og miðlunarhlutverki þess er samkvæmt þessari áætlun ríflega 18 milljónir króna, eða um 17% af rekstrarkostnaði safnsins. Helstu kostnaðarliðir eru sýningargerð, útgáfa og viðburðir. Gert er ráð fyrir uppsetningu tíu sýninga á næsta ári með tilheyrandi dagskrá við hverja þeirra, leiðsögnum listamanna og sýningarstjóra, málþingum, fjölskyldusmiðjum og fleiru. Framleiðslukostnaður sýninga hefur aukist ár frá ári, faglegar kröfur eru meiri og metnaður safnsins eykst. Lögð er áhersla á að ekki verði dregið úr framlögum til sýninga milli áranna 2018 og 2019.

Samtals voru 7,4 milljónir áætlaðar í aðkeypta vinnu án vsk á árinu 2018. Á árinu 2019 er lagt til að 1.000.000 kr færist frá kaupum á aðkeyptri vinnu með vsk yfir í aðkeypta vinnu án vsk. Markmiðið er að standa fyrir fleiri viðburðum fyrir börn og fjölskyldur í safninu. Heildarupphæð í aðkeypta vinnu breytist ekki milli ára.

Listamenn fengu greitt fyrir þátttöku í sýningum á árinu 2018 í samræmi við verklagsreglur Hafnarborgar sem staðfestar hafa verið af Sambandi íslenskra myndlistamanna. Samtals voru þetta um 3,7 milljónir í þóknun fyrir þátttöku í sýningum og vinnu við uppsetningu. Vinna sýningarstjóra var í þremur tilvikum aðkeypt.

Hafnarborg stendur fyrir veglegri tónleikadagskrá á árinu. Næsta haust hefst 17. starfsár hádegistónleika í Hafnarborg. Tónleikarnir eru á dagskrá yfir vetrarmánuðina fyrsta þriðjudag í mánuði og hafa verið ákaflega vel sóttir, einkum af eldri borgurum í Hafnarfirði og nágrenni. Þar er flutt óperutónlist af fremsta listafólki landsins á því sviði. Tvisvar sinnum á ári eru síðan tónleikar undir heitinu Hljóðönn, þar sem framsækinni tónlist eru gerð skil. Á tónleikaröðin 5 ára afmæli á þessu starfsári. Þá er gert ráð fyrir þátttöku í ýmsum viðburðum, svo sem Safnanótt, Björtum dögum, 17. júní, jóladagskrá o.fl. Aðsókn að þessum viðburðum hefur aukist milli ára og gengur samstarf milli stofnana vel.

Þeir liðir sem þurfa sérstaklega að hækka milli ára eru annars vegar aðkeyptur akstur, en ýmiskonar umsýsla með listaverk hefur aukist, bæði hvað varðar útlán á verkum í stofnanir bæjarins og vegna sýninga. Lögð er áhersla á öryggi verka við flutninga og hefur það haft aukinn kostnað í för með sér. Hins vegar þarf að hækka önnur þjónustugjöld um 150.000 svo hægt sé að mæta kostnaði vegna samnings við Myndstef um birtingu ljósmynda af safnkosti Hafnarborgar á vefnum, sem gera mun upplýsingar um safnkostinn mun aðgengilegri en þær hafa verið hingað til.

Auk þessa er gert ráð fyrir kostnaði vegna ferðar á Fenevjatvíæringinn, stærstu sýningu samtímalistar í heiminum, sem tveir starfsmenn auk forstöðumanns munu sækja. 2/3 hlutar kostnaðar verða vonandi greiddir af starfsþróunarsetri BHM. Ekki er gert ráð fyrir þeim styrk í áætlun. Þá er einnig færður á þessa lykila kostnaður er snýr að faglegu safnastarfi, varðveislu og sýningarbúnaði, en viðhald safneigna er áfram 600 þúsund krónur, sem gerir það að verkum að hægt er að halda áfram vinnu við að koma fleiri verkum í sýningarhæft ástand. Annar kostnaður við rekstur safnsins er ríflega 3 milljónir króna og vegur þar þyngst kostnaður við auglýsingar og kostnaður vegna aðildar safnsins að Sarpi.

Rekstraryfirlit:

Hafnarborg – m. kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Tekjur:			
Samtals tekjur	10	9	12
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	47	42	40
Annar rekstrarkostnaður	84	80	74
Samtals gjöld	131	122	114
Rekstrarniðurstaða	(121)	(113)	(102)

Mannauður:

Menningarmál	Fjöldi stöðugilda 2019	Fjöldi starfsm. 2019	Fjöldi stöðugilda 2018	Fjöldi starfsm. 2018	Fjöldi stöðugilda 2017	Fjöldi starfsm. 2017
Bókasafn	14,5	17	14,5	17	14,3	16
Byggðasafn	3,4	7	3,4	7	3,4	7
Hafnarborg	4,7	9	4,7	9	4,7	9
Samtals	22,6	33	22,6	33	22,4	32

2.8 Brunamál og almannavarnir

Á málaflokkinn er áætlað framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. um 217,5 milljónir króna og Björgunarsveitar Hafnarfjarðar um 22,5 milljónir króna, en hluti af því er í formi niðurgreiðslu fasteignagjalda. Framlag til Slökkviliðsins hækkar um 4% frá árinu 2018 en fjárfestingarframlag lækkar lítillega milli ára.

Rekstraryfirlit:

Brunamál og almannavarnir – m. kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Tekjur:			
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	240	232	218
Samtals gjöld	240	232	218
Rekstrarniðurstaða	(240)	(232)	(218)

2.9 Hreinlætismál

Hafnarfjarðarkaupstaður er aðili að Sorpu bs., sem hefur þann tilgang að annast meðhöndlun úrgangs fyrir sveitarfélögin. Kubbur ehf. annast sorphirðu frá heimilum í sveitarfélaginu og var verkið boðið út árið 2013 til átta ára. Við heimili er tekið bæði blandað heimilissorp og pappír. Samþykkt hefur verið að auka tíðni á söfnun pappírs frá heimilum. Stefnt er að því að tíðnin fari úr 4 vikum í 3 vikur árið 2019. Framlag til Sorpu hækkar um 18 milljónir króna, eða um 9%, og sorphirða heimilissorps og eyðing um 29,1 milljónir króna, eða um 14%. Í mars 2018 var hafin flokkun á plasti frá heimilum og stofnunum. Flokkun fer þannig fram að plast er flokkað í sérpoka sem fara síðan í orkutunnuna. Plast er svo flokkað frá með sérstökum búnaði hjá Sorpu og sent í endurvinnslu. Í sveitarfélaginu eru reknar sjö grenndargámastöðvar. Einnig er í sveitarfélaginu endurvinnslustöð Sorpu á Breiðhelli og er þar tekið á móti öllum flokkum úrgangs.

Framlög til hreinlætismála eru vegna heilbrigðiseftirlits og sorps. Gert er ráð fyrir að innheimt sorphirðugjöld standi undir kostnaði við sorphreinsun, flokkun og eyðingu. Áætlað er að fjármagn til Heilbrigðiseftirlits hækki um 1,6 milljónir króna.

Rekstraryfirlit:

Hreinlætismál – m. kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Tekjur:			
Samtals tekjur	446	400	367
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	463	415	385
Samtals gjöld	463	415	385
Rekstrarniðurstaða	(17)	(15)	(18)

2.10 Skipulags- og byggingarmál

Fjárheimildir til fjárfestinga skipulags- og byggingarmála hækka um rúmar 10 milljónir króna og verða 70 milljónir króna á næsta ári. Stefnt er að því að aðalskipulag Hafnarfjarðar verði tekið til endurskoðunar og breytingar gerðar til samræmis við tillögur um þéttingu byggðar, bættar almenningssamgöngur, breytta landnotkun og enduruppbyggingu á eldri iðnaðar- og athafnasvæðum.

Skipulagsvinnu við Skarðshlíð, 3. áfanga, er lokið. Gert er ráð fyrir að ljúka rammaskipulagi og deiliskipulagsvinnu vegna Hamraness sem hófst á síðasta ári. Þar verður gert ráð fyrir blandaðri íbúðarbyggð og þjónustustarfsemi. Með tilkomu Ásvallaþrautar og Kaldárselsvegjar opnast möguleikar á áframhaldandi vinnu við og þróun byggðar í Vatnshlíðar- og Áslandshverfi (4.-5. áfanga). Stefnt er að því að úthluta lóðum við Hamranes snemma árs 2019. Mislæg gatnamót við Krýsuvíkurveg og Reykjanesbraut kalla á endurskoðun á að deiliskipulagi iðnaðarsvæða við Kapelluhraun og Hellnahraun verði flýtt. Jafnframt þarf að hefja vinnu og undirbúning á deiliskipulagi nýrra iðnaðar- og athafnasvæða. Skortur er á góðum iðnaðar- og athafnalóðum á höfuðborgarsvæðinu sem eru í góðum tengslum við umferðaræðar og hafnarsvæði. Deiliskipulagi athafnasvæðis við Tjarnarvelli verður haldið áfram með það að markmiði að auka við þjónustu og þróun byggðar svæðisins, samanber skýrslu þéttingarhóps.

Skipulagssamkeppni Flensborgarhafnar, sem haldin var á þessu ári, hefur leitt til þess að þær tvær tillögur sem deildu fyrsta sæti verða teknar til áframhaldandi úrvinnslu. Kostnaður við þá vinnu skiptist milli hafnarstjórnar og umhverfis- og skipulagsþjónustu. Þar er gert ráð fyrir talsverðum breytingum á hafnarsvæðinu næst Flensborgarhöfn og verulega bættum tengingum við miðbæ Hafnarfjarðar. Samþykkt var á síðasta ári að fara í samkeppni um miðbæjarskipulag Hafnarfjarðar sem að uppruna er til 2001. Vinna við það er hafin með húsakönnun og úttekt á vægi gildandi skilmála. Markmiðið er meðal annars að tengja þessi tvö svæði betur saman. bæði frá umferðartæknilegu og atvinnu- og þjónustusjónarmiði. Þá þarf að taka á umferðar- og bílastæðamálum miðbæjarins og jafnframt auka öryggi hjólandi sem og gangandi vegfarenda.

Deiliskipulag Vesturbæjar, þar sem unnið er út frá sjónarmiðum um verndarsvæði í byggð, er langt komið. Stefnt var að því að ljúka því fyrir árslok 2018, en að teknu tilliti til sjónarmiða um bættar almenningssamgöngur var ákveðið að skoða Reykjavíkurveg og svæði umhverfis hann betur út frá byggðar- og umferðarsjónarmiðum. Markmið þeirrar vinnu er að styrkja og tryggja að eldri byggð Hafnarfjarðar haldi sérkennum sínum og auki á hróður Hafnarfjarðar sem bæjarins í hrauninu sem jafnframt bjóði upp á góðar almenningssamgöngur. Haldið verður áfram vinnu við aðalskipulagsbreytingar ásamt deiliskipulagsgerð fyrir einstaka reiti sem meðal annars er getið í skýrslu þéttingarhóps. Íbúðarreitur við Öldutún, Hringbraut og Lindarhvamm er dæmi um slíkar skipulagsbreytingar og má vænta að þar rísi byggð sem fellur vel að þeirri byggð sem fyrir er og tekur jafnframt mið af stærð og efnisnotkun hennar. Deiliskipulagi Lækjargötu 2/Dvergsreit er lokið. Ánægja kom fram hjá mörgum bæjarbúum og fagfólki hvað varðar þau vinnubrögð sem höfð voru við val á tillögu.

Vinna við aðalskipulagsbreytingu og hugmyndir að deiliskipulagi einstakra reita vegna athafnasvæðis við Hraun – vestur er hafin. Drög að rammaskipulagi var samþykkt á vormánuðum 2018 og er nú unnið að lokafrágangi gagna. Gert er ráð fyrir verulegri breytingu á þessu svæði á næstu árum. Talsvert verður lagt í auknið byggingarmagn, bættar umferðartengingar og almenningssamgöngur. Gert er ráð fyrir að fyrstu hlutar svæðisins geti komist í framkvæmd á árinu 2019. Mikil ásókn hefur verið í breytingar og endurnýtingu þess svæðis sem hér er nefnt Hraun – austur og byggðin hér hefur verið að þróast með sambærilegum hætti og á svæðinu Hraun – vestur. Ekkert eiginlegt heildardeiliskipulag liggur fyrir. Vinna við rammaskipulag á svæðinu hófst á árinu og stefnt er að því að ljúka henni á árinu 2019. Með því fást leiðbeiningar um mögulegar endurbætur og heildarsýn fæst á þróun byggðar.

Rekstraryfirlit:

Skípulags- og byggingarmál – m. kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Tekjur:			
Samtals tekjur	56	56	104
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	110	103	96
Annar rekstrarkostnaður	56	54	59
Samtals gjöld	166	157	155
Rekstrarniðurstaða	(110)	(101)	(51)

2.11 Umferðar- og samgöngumál

Framlag til umferðar- og samgöngumála hækkar um 15 milljónir króna á milli ára. Innri leiga gatnakerfisins hækkar um tæpar 15 milljónir króna og framlag til almenningssamgangna, það er Strætó, um 24,5 milljónir króna, eða 7%. Hækkunina má skýra að einhverju leyti með lengingu á akstri Strætó um kvöld og helgar samkvæmt ákvörðun stjórnar Strætó og bæjarstjórnar.

Rekstraryfirlit:

Umferðar- og samgöngumál – m. kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Tekjur:			
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	953	914	850
Samtals gjöld	953	914	850
Rekstrarniðurstaða	(953)	(914)	(850)

2.12 Umhverfismál

Reiknuð hlutdeild umhverfismála í rekstri er vegna opinna svæða og hækkar um sex milljónir króna vegna aukins viðhalds og endurbóta á opnum leikvöllum.

Rekstraryfirlit:

Umhverfismál – m. kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Tekjur:			
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	146	140	139
Samtals gjöld	146	140	139
Rekstrarniðurstaða	(146)	(140)	(139)

2.13 Sameiginlegur kostnaður

Kostnaður vegna mannauðsmála er nánast óbreyttur milli ára. Stjórnendum Hafnarfjarðarkaupstaðar verður boðið upp á stjórnendabjálfun og vinnustaðagreining verður lögð fyrir alla starfsmenn bæjarins. Kostnaður vegna starfsaldursviðurkenninga og jólagjafa er 21 milljón króna, vegna líkamsræktarstyrkja 14 milljónir króna og vegna flensusprautu 1,4 milljónir króna. Byrjað var að bjóða þeim sem láta af störfum vegna aldurs starfslokanámskeið. Tókst það einstaklega vel og verður áfram boðið upp á slík námskeið. Workplace by Facebook tekur að hluta yfir núverandi innri vef. Markmiðið er að auka upplýsingaflæði og miðlun þekkingar, styrkja ímynd bæjarins sem eins vinnustaðar og stuðla að skilvirkari vinnubrögðum og meiri samvinnu milli starfsmanna og deilda. Innri vefur starfsmanna verður endurskoðaður og er til framtíðar hugsaður sem vettvangur fyrir handbækur, leiðbeiningar, umsóknir, lög og reglur ásamt aðgengi að viðeigandi kerfum Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Á árinu 2018 var samþykkt að ráða persónuverndarfulltrúa og tók hann til starfa í ágúst sl. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir auknu stöðugildi, annars vegar í lögfræðiteymi og hins vegar í mannauðsteymi frá 1. apríl 2019. Kostnaður vegna upplýsingamála er óbreyttur milli ára, 35 milljónir króna.

Rekstraryfirlit:

Stjórnsýslu- og fjármálasvið – m. kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Tekjur:			
Samtals tekjur	70	70	84
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	739	631	500
Lífeyrisskuldbinding	1.067	1.027	1.977
Annar rekstrarkostnaður	685	706	593
Samtals gjöld	2.491	2.364	3.070
Rekstrarniðurstaða	(2.421)	(2.294)	(2.986)

Mannauður:

Stjórnsýslu- og fjármálasvið	Fjöldi stöðugilda 2019	Fjöldi starfsm. 2019	Fjöldi stöðugilda 2018	Fjöldi starfsm. 2018	Fjöldi stöðugilda 2017	Fjöldi starfsm. 2017
Bæjarskrifstofa	31,5	32,25	29,5	30,25	29,25	30
Tölvudeild	6,3	7	6,3	7	5,3	6
Þjónustuver	6,9	7	6,9	7	6,9	7
Samtals	44,7	46,25	42,7	44,25	41,45	43

2.14 Eignasjóður

Fráveita, Vatnsveita og Húsnæðisskrifstofa leggja til fé vegna umsýslu sinna eininga inn í A-hluta. Fráveita og Vatnsveita greiða 84,3 milljónir króna hvor eining og Húsnæðisskrifstofa 22,4 milljónir króna. Launaáætlun er byggð á nýjum kjarasamningum og starfsmati. Aukið verður um eitt stöðugildi í þjónustumiðstöð Hafnarfjarðarkaupstaðar. Heildarlaunakostnaður er 346 milljónir króna og lækkar um 17 milljónir króna milli ára.

Rafmagn í sveitarfélaginu var boðið út 2016 og var útboðið bænum tiltölulega hagstætt. Hækkun á rafmagni og hita sem tengist verðlagsþróun og endurskoðun er um 2,5 milljónir króna, eða um 2,5%. Á árinu 2018 var hafið að nýju að veita styrki til íbúa vegna glerskipta vegna umferðarhávaða frá umferðarmiklum vegum í sveitarfélaginu. Til verkefnisins eru áætlaðar þrjár milljónir króna. Framkvæmdin er þannig að íbúar sækja um styrk. Styrkumsóknir eru síðan metnar samkvæmt reglum sem bæjarstjórn samþykkir.

Hirðun á hrossataði frá hesthúsum í Hlíðarþúfum var boðin út seinni hluta árs 2017 og er hún nú áætluð um 9,5 milljónir króna. Hefur hún hækkað um tvær milljónir króna milli ára og er það vegna aukins umfangs á svæðinu og hækkunar í hreinsun. Hestamenn greiða fyrir þessa þjónustu bæjarins.

Á undanförunum árum hefur jafnt og þétt verið aukið við viðhaldsfé til fasteigna og lóða bæjarins, en þessi liður var mikið skorinn niður eftir hrun. Heildarviðhaldsfé fyrir fasteignir og lóðir var aukið verulega á árinu 2018, um 200 milljónir króna milli ára. Fjármagn til viðhalds fasteigna verður 2019 hækkað um 17,4 milljónir eða um 4%. Verið er að vinna ítarlega skýrslu vegna viðhalds eigna á sviðinu og mun hún nýtast við gerð viðhaldsáætlana fyrir hverja stofnun fyrir sig. Stefnt er að því að undirbúningsvinna við útboð á viðhaldi eigna bæjarins hefjist strax í desember 2018, eftir að fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt. Útboð fari síðan fram snemma árs 2019. Unnin verður nákvæm tímasett áætlun um hvenær viðhald fer fram í einstökum stofnunum bæjarins.

Viðhald skiptist sem hér segir:

Áætlað fjármagn 2019	% skipting	upphæð í kr.
Skólar	38,3%	174.732.260
Leikskólar	15,3%	69.801.660
Sundlaugar/íþróttahús	24,0%	109.492.800
Annað húsnæði	16,3%	74.363.860
Ófyrirséð	6,1%	27.829.420
Samtals	100%	456.220.000

Snjómokstur og hálkuvarnir eru unnar að mestu með tækjum og mönnum sveitarfélagsins en einnig eru tæki verktaka tiltæk þegar mest snjóar. Hluti snjóruðnings og hálkuvarna á stígum er í verktöku. Kostnaður vegna snjómoksturs og hálkuvarna gatna og stíga er áætlaður um 70 milljónir króna árið 2019. Raunkostnaður hefur verið á bilinu 28–50 milljónir króna síðustu ár.

Viðhald gatna og gönguleiða er boðið út að mestu, sem og merkingar gatna. Fyrir árið 2019 eru áætlaðar um 170 milljónir króna í þessa liði, sem er aukning um sjö milljónir króna milli ára, eða 4%. Enn er nokkur uppsöfnuð viðhaldsþörf í gatnakerfi bæjarins en mikið hefur þó áunnist síðustu ár. Haldið verður áfram með fyrirliggjandi viðhaldsverkefni. Hækkun er í aðkeyptri vinnu vegna viðhalds á malbiki. Heildarviðhaldsfé er 113 milljónir króna og hækkar um fjórar milljónir króna milli ára, eða um 4%. Hækkun er í aðkeyptri vinnu vegna viðhalds á gönguleiðum. Heildarviðhaldsfé er 8,8 milljónir króna og hækkar um hálf milljón króna milli ára, eða um 4%. Hækkun er í aðkeyptri vinnu við yfirborðsmerkingar gatna. Heildarkostnaður í aðkeyptri vinnu er 15 milljónir króna og hefur hækkað um hálf milljón króna milli ára, eða um 3%. Ekki hefur náðst að klára allar yfirborðsmerkingar á götum síðustu ár. Hækkun er í aðkeyptri vinnu við sópun og hreinsun gatna og stíga. Heildarkostnaður í aðkeyptri vinnu er 22,2 milljónir króna og hækkar um 0,7 milljón króna milli ára, eða um 3%, sem eykur þjónustustig gatna og stíga. Haldið verður áfram að fjölga biðskýlum í bænum í samræmi við fjölda innstiga á hverri biðstöð fyrir sig. Þar sem flest innstig eru koma ný biðskýli.

Fyrir árið 2019 eru áætlaðar um 120,6 milljónir króna til viðhalds og reksturs á opnum svæðum, sem er aukning um 2,5 milljónir króna, eða um 2,5%. Aukið hefur verið í snyrtingu bæjarins, og þá sérstaklega miðbæjarins, á síðustu árum. Áfram verður lögð áhersla á hreinsun miðbæjarins, verkferlar verða gerðir skýrari og ábyrgð skilgreind. Haldið verður áfram við uppbyggingu og lagfæringar í Hellisgerði og á Víðistaðatúni, en undanfarin ár hefur verið unnið við ýmis verkefni á þessum stöðum. Starfshópur vegna Hellisgerðis hefur lokið störfum, en stefnt er á að á 100 ára afmæli Hellisgerðis árið 2023 verði búið að koma þessum almenningsgarði í gott stand. Umhverfisvaktin verður áfram auglýst 2019, en hún hefur hjálpað mjög til við að hreinsa opin svæði í bænum. Jafnframt vinnur Þjónustumiðstöð að hreinsunarmálum. Haldið verður áfram með viðhald á leiksvæðum og opnum svæðum, en reglulega eru gerðar úttektir á svæðunum og verkefnum síðan raðað í forgangsroð eftir mikilvægi.

Unnið hefur verið við frágang í Seltúni í Krýsvík undanfarin ár og verður þeirri vinnu haldið áfram næsta sumar. Einnig verður haldið áfram með vinnu vegna Leiðarenda, með það að markmiði að gera hellinn aðgengilegri fyrir þá sem vilja skoða hann. Sláttur á opnum svæðum verður áfram boðinn út að hluta eins og áður. Með þessu á bæjarvinnan auðveldara með að sinna slætti á öðrum svæðum, en nokkuð hefur bæst við af svæðum samhliða frágangi í nýjum hverfum. Beðahreinsun verður aftur boðin út en með því ætti vinnuskólinn að eiga auðveldara með að viðhalda beðunum á öðrum stöðum meðan hann starfar. Heildaraðkeypt vinna þar er 11 milljónir króna. Haldið verður áfram að halda við leiksvæðum og er sá liður hækkaður um hálf milljón króna og verður heildarupphæð viðhalds leiksvæða 12,5 milljónir króna. Hækkun er vegna jólalýsingar og er sá liður hækkaður um 0,8 milljón króna, eða í 9,3 milljónir króna.

Umhverfis- og auðlindastefna bæjarins var samþykkt síðastliðið vor og er hafin vinna við gerð aðgerðaáætlunar vegna hennar. Áætlaðar eru 15 milljónir króna til að vinna að verkefnum sem tengjast kolefnisbókhaldi, aðgengi að upplýsingum, endurheimt votlendis og mælingum á örplasti.

Eftirfarandi tafla sýnir viðhald hjá eignasjóði frá árinu 2011:

Þúsundir kr.	Raunk. 2011	Raunk. 2012	Raunk. 2013	Raunk. 2014	Raunk. 2015	Raunk. 2016	Raunk. 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Viðhald húsnæðis og búnaðar	50.634	83.667	228.472	239.886	221.000	226.315	235.885	438.785	456.220
Viðhald gatnasvæða	42.996	43.678	111.764	142.159	134.550	141.550	157.236	162.636	169.344
Viðhald opinna svæða	38.675	40.591	39.068	65.559	76.417	76.385	115.109	117.589	120.641

Rekstraryfirlit:

Eignasjóður – m. kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Tekjur:			
Samtals tekjur	3.913	3.650	3.873
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	361	329	370
Annar rekstrarkostnaður	1.784	1.665	1.436
Afskriftir	756	687	666
Fjármagnsliðir án innri viðskipta	1.450	1.310	1.030
Samtals gjöld	4.351	3.991	3.502
Rekstrarniðurstaða	(438)	(341)	371

2.15 Vatnsveita

Rekstur Vatnsveitu verður óbreyttur frá fyrra ári nema hvað eitt stöðugildi bætist við. Vatnsveita greiðir hlutdeildarkostnað til umhverfis- og skipulagsþjónustu, 84,3 milljónir króna. Þessi hlutdeild er hugsuð vegna allrar umsýslu miðlægt fyrir Vatnsveitu, meðal annars vegna launavinnslu og hlutdeildar í allri almennri stjórnslu og stjórnun. Haldið verður áfram að vinna að sameiginlegum málum vatnsveitna á höfuðborgarsvæðinu.

Rekstraryfirlit:

Vatnsveita – m. kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Tekjur:			
Samtals tekjur	430	404	392
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	65	51	56
Annar rekstrarkostnaður	144	137	154
Afskriftir	61	57	56
Samtals gjöld	270	245	266
Rekstrarniðurstaða	160	159	126

2.16 Fráveita

Rekstur Fráveitu verður óbreyttur frá fyrra ári. Fráveita greiðir hlutdeildarkostnað til umhverfis- og skipulagsþjónustu, 84,3 milljónir króna. Þessi hlutdeild er hugsuð vegna allrar miðlægrar umsýslu fyrir Fráveitu, meðal annars vegna launavinnslu og hlutdeildar í allri almennri stjórnslu og stjórnun. Aðkeypt holræsahreinsun er hækkuð um 20 milljónir króna vegna viðhalds á útrásinni í Hraunavík 2019.

Rekstraryfirlit:

Fráveita – m.kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Tekjur:			
Samtals tekjur	848	792	757
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	34	34	32
Annar rekstrarkostnaður	202	182	176
Afskriftir	95	93	91
Fjármagnsliðir	160	162	151
Samtals gjöld	491	471	450
Rekstrarniðurstaða	357	321	307

2.17 Húsnæðisskrifstofa

Hafnarfjarðarkaupstaður á 252 íbúðir sem reknar eru af Húsnæðisskrifstofu og níu íbúðir sem leigðar eru til endurleigu, þar af eru fjórar íbúðir frá Íbúðalánasjóði. Á árinu 2017 voru keyptar átta íbúðir og búið er að kaupa ellefu íbúðir á þessu ári. Þá er ætlunin að kaupa þrjár til fjórar íbúðir til viðbótar á árinu 2018. Lengi hefur verið ljóst að samsetning íbúða er ekki í samræmi við þarfir umsækjenda og þess vegna er gert ráð fyrir framlagi að fjárhæð 500 milljónir króna á ári til fjárfestingar í kerfinu á árunum 2018 til 2021. Stefnt er að því að kaupa 16 íbúðir á ári miðað við að meðalverð íbúðar sé nálægt 30 milljónum króna. Lögð hefur verið áhersla á að kaupa 2–3 herbergja íbúðir, en biðlistar eru eftir þeim íbúðum.

Leiguverð íbúða Hafnarfjarðarkaupstaðar var í október 2018 1.124 kr./m² og er það bundið vísitölu og breytist á milli mánaða. Lagt er til að hækka leiguverð um 10%, eða í 1.236 kr. Vegna þeirra íbúða sem eru í framleigu greiðir Hafnarfjarðarkaupstaður um 2.202 kr./m² og er það einnig bundið vísitölu og hefur hækkað um 6% milli ára. Rekstrarkostnaður þessara íbúða felst helst í almennu viðhaldi, svo sem málun og viðhaldi á innréttingum og gólfefni. Jafnframt er tekið þátt í viðhaldi sameigna og utanhússviðhaldi. Þegar íbúðir skipta um leigjendur eru þær teknar út og farið í allsherjar viðhald. Nokkur aukning hefur verið á þessum liðum vegna meiri veltu á íbúðum. Þá eru húsfélög að taka við sér og er vöxtur vegna viðhalds á sameignum frá því sem verið hefur undanfarin ár. Heildarviðhaldsfé er um 79 milljónir króna og hækkar um 4 milljónir króna milli ára, eða um 5%.

Kostnaður við viðhald íbúða Húsnæðisskrifstofu:

Þúsundir kr.	Raunk. 2011	Raunk. 2012	Raunk. 2013	Raunk. 2014	Raunk. 2015	Raunk. 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Viðhald íbúða í Húsnæðisskrifstofu	43.917	41.293	41.965	48.316	62.938	51.682	52.600	75.100	79.010

Húsnæðisskrifstofa greiðir hlutdeild af kostnaði til umhverfis- og skipulagsþjónustu og fjölskylduþjónustu, alls 22,5 milljónir króna. Verið er að færa raunkostnað vegna starfsmanna fjölskylduþjónustu og umhverfis- og skipulagsþjónustu á málaflokkinn.

Rekstraryfirlit:

Húsnæðisskrifstofa – m. kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Tekjur:			
Samtals tekjur	377	324	316
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	215	206	203
Afskriftir	67	50	47
Fjármagnsliðir	182	145	94
Samtals gjöld	464	401	344
Rekstrarniðurstaða	(87)	(77)	(28)

Mannauður:

Umhverfis- og skipulagsþjónusta	Stöðugildi 2019	Starfsmenn 2019	Stöðugildi 2018	Starfsmenn 2018	Stöðugildi 2017	Starfsmenn 2017
Skipulags- og byggingarmál	6,5	7	6,5	6,5	6,5	6,5
Framkvæmdamál	13	13	13	13	19	19,5
Þjónustumiðstöð	17	17	16	16	16	16
Vatnsveita	5	5	4	4	4	4
Fráveita	4	4	4	4	4	4
Samtals	45,5	46	43,5	43,5	49,5	50

2.18 Hafnarfjarðarhöfn

Aukin umsvif hafa verið í starfsemi Hafnarfjarðarhafnar síðustu ár og góðar líkur á að sú þróun muni halda áfram á næstu árum. Bæði er umað ræða viðbót í löndun og þjónustu við frystitogara, og þá ekki síst erlenda úthafsflotann, einkum frá Grænlandi og Rússlandi, og jafna og góða viðbót í innflutningi á lausavöru um Hafnarfjarðarhöfn og vörugámum um Straumsvíkurhöfn. Heildartekjur hafnarinnar voru áætlaðar liðlega 620 milljónir fyrir árið 2018, en verða líklega um 660 milljónir. Þær eru áætlaðar um 676 milljónir á árinu 2019.

Tekjur hafnarinnar hafa þá aukist frá árinu 2014 um liðlega 200 milljónir eða úr tæplega 500 milljónum á uppfærðu verðlagi í hátt í 700 milljónir. Þessi þróun hefur aukið mjög álag á starfsemi hafnarinnar yfir lengra tímabil en áður, en háannatími í starfseminni er að jafnaði frá vordögum og fram undir haust. Þrátt fyrir þessi auknu umsvif hefur rekstrarkostnaður haldist nokkuð stöðugur. Launakostnaður hefur aukist í samræmi við fleiri útköll og og þjónustu við stærri skip. Með breyttu verkskipulagi, endurskoðun á þjónustukaupum og markvissu viðhaldi hefur tekist að halda í við almennan rekstrarkostnað þrátt fyrir þessi auknu umsvif. Vegna langtímaveikinda hefur verið bætt við einu stöðugildi og er lagt til að það verði óbreytt á árinu 2019. Þá hefur fjármagnskostnaður lækkað umtalsvert með markvissri niðurgreiðslu framkvæmdalána á síðustu árum.

Rekstrarniðurstaða ársins 2017 var um 180 milljónir, er áætluð um 190 milljónir á þessu ári og er liðlega 240 milljónir í áætlun ársins 2019. Gert er ráð fyrir samsvarandi umferð bæði fiskiskipa og vöruflutninga um Hafnarfjarðarhöfn á nýju rekstrarári. Aukning hefur verið í komu stærri skipa síðustu ár og er reiknað með að sú umferð verði sambærileg á komandi ári. Fjöldi skemmtiferðaskipa hefur verið nokkuð stöðugur, en bókanir fyrir næstu ár gefa til kynna aukna umferð þessara skipa. Á árinu 2018 var úthlutað tveimur stórum lóðum á nýja hafnarsvæðinu utan Suðurgarðs, Óseyrarbraut 25 og 31. Framkvæmdir voru jafnframt á fjórum lóðum á hafnarsvæðinu; Óseyrarbraut 27 og 29, Hvaleyrarbraut 12 og Fornubúðum 5. Nánast öllum lóðum á hafnarsvæðinu hefur nú verið úthlutað.

Skipulagsmál og framtíðarsýn fyrir Flensborgarhöfn, Óseyrarsvæði og Fornubúðir munu verða eitt stærsta verkefni hafnarstjórnar á komandi ári og árum. Hugmyndasamkeppni um þetta skipulagssvæði, sem er allt á opnu hafnarsvæði, fór fram á fyrri hluta árs 2018 og hlutu tvær tillögur frá sænskri og hollenskri arkitektastofu sameiginlega 1.–2. verðlaun. Hafnarstjórn hefur í samvinnu við skipulags- og byggingaráð sett niður samráðsnefnd til að vinna að gerð rammaskipulags fyrir svæðið í samstarfi við verðlaunahafa, lóðarhafa og aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Kynningarfundir og almenn umræða er þegar komin vel af stað og stefnt er að því að tillaga að rammaskipulagi fyrir svæðið liggi fyrir á vordögum 2019. Hafnarfjarðarhöfn er með stór framkvæmdaverkefni í gangi um þessar mundir sem að stærstum hluta verður lokið á árinu 2019. Háibakki, sem stendur framan við Fornubúðir, er 120 m langur stálþilsbakki sem verður fullgerður á vordögum 2019, en rannsóknarskip Hafrannsóknastofnunar munu hafa aðgengi að þessum nýja hafnarbakka. Þá verður rekið niður stálþil við vesturhorn Suðurbakka fyrir skipalyftu. Höfnin mun innheimta sérstök gjöld samkvæmt gjaldskrá fyrir afnot af þessari nýju aðstöðu. Þessi framkvæmd er einnig hugsuð til að bæta aðstöðu við flotbryggju fyrir hafnsögubátana Hamar og Prótt. Einnig eru ráðgerðar áframhaldandi framkvæmdir við nýtt geymslu- og athafnasvæði vestan við Suðurgarð, frágangur á hafnarlóð við flotkvíar og stækkun á viðlegurými fyrir skútur í Flensborgarhöfn.

Á árinu 2019 mun Hafnarfjarðarhöfn greiða upp þau lán sem hvílt hafa á höfninni vegna framkvæmda við uppbyggingar á nýja hafnarsvæðinu við Hvaleyrarbakka á landfyllingu utan Suðurgarðs. Réttir tveir áratugir eru síðan framkvæmdir hófust á þessu svæði. Það er stór áfangi fyrir höfnina að hafa greitt upp að fullu allar landfyllingar og hafnarframkvæmdir á þessu nýjasta athafnasvæði sínu sem telur samtals 22 hektara með 400 metra viðlegukanti og 600 metra löngum brimvarnargarði.

Rekstraryfirlit:

Hafnarfjarðarhöfn – m. kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Tekjur:			
Samtals tekjur	676	657	619
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	190	188	182
Lífeyrisskuldbinding	19	21	43
Annar rekstrarkostnaður	154	149	127
Afskriftir	67	66	63
Fjármagnsliðir	2	12	26
Samtals gjöld	432	436	441
Rekstrarniðurstaða	244	221	178

Mannauður:

Hafnarfjarðarhöfn Stöðugildi	Fjöldi stöðugilda 2019	Fjöldi starfsmanna 2019	Fjöldi stöðugilda 2018	Fjöldi starfsmanna 2018	Fjöldi stöðugilda 2017	Fjöldi starfsmanna 2017
Hafnarfjarðarhöfn	12	12	12	12	12	12

Fjöldi stöðugilda var 12 starfsmenn á árinu 2018, en stöðugildum hafði verið fækkað um eitt á árinu 2017. Vegna langtímaveikinda, aukinnar umferðar og þjónustu við sífellt stærri skipaflota er þörf á 12 stöðugildum að lágmarki á árinu 2019, en aðgengi er að aukastarfskrafti í tímavinnu við stærstu útköll og á mestu álagstímum.

Framkvæmdaáætlun 2019

Fjárheimild til framkvæmda árið 2019 er samtals 4.518 milljónir króna. Gert er ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við nýjan grunn- og leikskóla í Skarðshlíð sem hófust á árinu 2017. Fyrsti áfangi skólans var opnaður haustið 2018 og verður framkvæmdum lokið árið 2020. Gert er ráð fyrir framkvæmdum á árinu 2019 vegna þessa fyrir um 1.450 milljónir króna. Í öðrum áfanga, sem tekinn verður í notkun haustið 2019, verður opnaður fjögurra deilda leikskóli og uppbygging grunnskólans heldur áfram. Laga á starfsmannaaðstöðu á leikskólanum Hlíðarenda á næsta ári og gert er ráð fyrir að farið verði í endurbætur á starfsmannaaðstöðu í leikskólum á næstu árum.

Jafnframt verður lokið framkvæmdum við byggingu hjúkrunarheimilis á Sólvangi. Gert er ráð fyrir 400 milljónum króna vegna framkvæmdarinnar. Samningur við heilbrigðisráðherra var undirritaður í október 2016 um leigu á húsnæðinu. Byggingin er samkvæmt svokallaðri leiguleið, sem felur í sér að Hafnarfjarðarkaupstaður hannar, byggir og fjármagnar bygginguna og leigir síðan til ríkisins til 40 ára samkvæmt samningi. Gert er ráð fyrir að þessi framkvæmd verði fjármögnuð með láni.

Hafin var vinna við endurgerð Kaldárselsvegur árið 2018 og verður þeim framkvæmdum lokið 2019. Unnið verður í undirbúningi framkvæmda við Ásvallabraut á árinu 2019. Samkvæmt tillögu að samgönguáætlun er gert ráð fyrir að hafin verði vinna við tvöföldun Reykjanesbrautar frá Kaldárselsvegi að Krýsuvíkurvegi árið 2019 en reiknað er með að verkinu ljúki 2020. Haldið verður áfram með endurskoðun á gatnakerfi Skarðshlíðar út frá breyttu skipulagi. Einnig verður hafin undirbúningur að gatnagerð í Hamranesi. Farið verður í endurgerð á einni götu í Kinnum en mikilvægt er að halda áfram vinnu við endurgerð gatna í eldri hverfum. Gatnamót við Krónuna verða bætt en hafin er vinna við endurskoðun deiliskipulags á svæðinu. Eins verður unnið að öðrum umferðaröryggismálum í bænum.

Umhverfismálum er ætlað sérstakt fjármagn til að vinna að ýmsum umhverfisverkefnum. Á næsta ári verður hafin vinna við að endurnýja gatnalýsingu og verður notast við LED-lýsingu. Verkefnið, sem þegar er hafið, mun taka nokkur ár í framkvæmd. Unnið verður í frágangi á nýbyggingarsvæðum víðsvegar um bæinn sem og gerð nýrra stíga til að stuðla að vistvænni samgöngumátum. Stefnt er að því að ljúka framkvæmdum á Norðurbakka, þar á meðal gönguleiðum og bakkanum sjálfum, á næsta ári. Verið er að undirbúa uppsetningu á hreystivelli í bænum en þegar hefur verið gerður samningur um kaup á vellinum. Hafin er undirbúningsvinna við nýtt stofnræsi fráveitu á Völlunum og stefnt er að útboði síðla árs 2019.

Gert er ráð fyrir að farið verði í framkvæmdir vegna íþróttamannvirkja næstu ár fyrir um 550 milljónir króna á ári. Á næsta ári er gert ráð fyrir fjármunum til framkvæmda í Kaplakrika fyrir 590 milljónir króna sem greiðslu fyrir eignir FH í Kaplakrika. Á fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 40 milljónum króna vegna kaupa á áhorfendabekkjum í Ólafssal. Starfshópur er starfandi vegna knatthúss á Ásvöllum þar sem m.a. er unnið að samkomulagi milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Hauka um að hluti lóðar Ásvalla fari undir íbúðir og að lóðatekjurnar hafi áhrif á upphaf og framvindu framkvæmda við byggingu knatthúss. Gert er ráð fyrir að vinnu við aðal- og deiliskipulag vegna knatthúss og íbúðalóðar ljúki á næstu mánuðum og í kjölfarið taki við hönnun á knatthúsinu í samvinnu við Hauka. Einnig er starfandi starfshópur vegna nýrrar reiðhallar á athafnasvæði Sörla í Gráhelluhrauni. Búið er að samþykkja deiliskipulag á svæðinu. Þar eru lausar til úthlutunar um 30 hesthúsaloðir og munu lóðatekjur hafa áhrif á framkvæmdahraða við reiðhöll. Verið er að skoða með Sörla hönnun á húsinu á næsta ári.

Á næsta ári verður hafin uppbygging í Bláfjöllum í samvinnu við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu en miðað er við að uppbyggingin taki 11 ár. Kostnaður bæjarins er 85 milljónir króna árið 2019. Jafnframt er gert ráð fyrir lántöku á árinu 2019 að upphæð 500 milljónir króna vegna kaupa á félagslegu húsnæði. Gert er ráð fyrir að verja 500 milljónum króna á árinu 2019 til 2022 til kaupa á félagslegum íbúðum, eða samtals fyrir 2.000 milljónir króna.

Fjárfestingar 2019–2022

Umhverfi og götur	2019 Upphæð í m. kr.	Þriggja ára áætlun		
		2020	2021	2022
Haldið verður áfram við frágang stétta og grassvæða á nýbyggingarsvæðunum á Völlum, Áslandi, Skipalóni og Selhrauni.	20	20	20	20
Stéttir víðsvegar í tengslum við veitur	10	10	20	20
Miðbær, miðbæjarskipulag		5	5	5
Norðurbakki, unnið við frágang á bakkanum og gönguleið	30	30	30	
Leiðarkerfi, biðskýli og stoppistöðvar – fjölgun skýla og nýtt leiðarkerfi	20	3	5	5
Snjóbræðslukerfi, viðhald í miðbæ	5	5	5	5
Hringbraut, endurnýjun á stétt		5		
Þétting byggðar			100	100
Hamranes I, gatnagerð	30	400	200	
Hamranes II, gatnagerð			100	500
Skarðshlíð, 3. áfangi, gatnagerð	100			
Hellnahraun III, gatnagerð		100	300	
Kapelluhraun, gatnagerð				400
Reykjanesbraut, tvöföldun	180	220		200
Kaldárselsvegur, lok framkvæmda	300			
Ásvallabraut, gatnagerð		450	350	
Kinnar og eldri götur, s.s. Hverfisgata og Austurgata, endurnýjun	50	50	60	60
Umferðaröryggisáætlun, framkvæmdir	10	10	10	10
Unnið verður að uppbyggingu vistvænna samgangna, s.s. gerð stíga við stofnbrautir í samvinnu við Vegagerðina. Áframhaldandi vinna við stíg með Kaldárselsvegi ásamt fleiri stígum	30	15	20	20
Hraðahindranir, nýjar og þær sem eru á skipulagi	5	5	10	10
Hljóðvistarverkefni, greining á svæðum skv. reglugerð	2	20	20	20
Umhverfismál, s.s. Kaldárbotnar, Víðistaðatún, Hellisgerði, upplandið, hreinsun, merkingar o.fl.	15	20	30	30
Uppbygging ferðamannasvæða	7	5	5	5
Seltún, mótframlag vegna styrks	3			
Grenndarstöðvar, frágangur á stöðvum		3	3	3
Upplandsvegir, malbikun vega		15	15	15
Rafhleðslustöðvar, nýjar		2	2	2
Forgangsreinar, borgarlína		20	50	50
Skólahreystivöllur, nýr	20	25		
Tækjakaup	30	30	30	30
Ruslafötur/endurskipulagning, tæki og búnaður	10		5	5
Reiðstígar	5	5	5	5

Flatahraun, ný gatnamót	20			
Umferðarljós, endurnýjun stjórnbúnaðar	5		5	5
Öryggismyndavélar á gatnamótum	10	5		
Hellisgerði, afmælisverkefni			30	30
Gatnalýsing, endurnýjun lýsingar	10	20	20	20
Merkurgata, nýtt skipulag			10	
Hellubraut, breyting á götunni skv. skipulagi	12			
Ráðhúsið, frágangur í porti	5	20		
Tilfallandi	15	30	80	100
Fasteignir	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.
Hjúkrunarheimili, verklok	400			
Skarðshlíðarskóli, 2. áfangi og 3. áfangi	1450	720		
Skólalóðir, endurgerð	30	30	30	30
Leikskóli, í tengslum við nýbyggingarsvæði		200	250	250
Leikskóli Suðurbær, undirbúningur	15	180	250	
Keilir, samningur	19	19	19	
Uppbygging íþróttamannvirkja	590	450	500	700
Ásvellir, bekkir í Ólafssal	40	20		
Bláfjöll, uppbygging	85	117	70	49
Sundlaugar – búnaður		20	20	20
Framkvæmdasviðshús, stækkun		100		
St. Jó., framkvæmdir við endurgerð	8	60	60	
Stofnbúnaður	30	30	30	30
Sorpa, jarðgerðarstöð	27			
Aðgengismál	5	5	5	5
Leikskólar, stækkun starfsmannaaðstöðu	60	40	50	50
Lækjarskóli, breytingar innanhúss til að fá betri nýtingu á skólanum	15	15	15	15
Hraunvallaskóli, hússtjórnarkerfi		10		
Tjaldsvæði, stýringar inn á svæðið	5			
Suðurbæjarlaug, endurskoðun			50	200
Uppbygging á Kvartmílusvæði	5			
Óskilgreint	10	50	300	500
Veitur	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.
Endurgerð heimæða Vatnsveitu	30	30	30	30
Vatnsveita, aðveita úr Fagradal, undirbúningur		25	100	100
Vinna í dæluhúsum, stjórnkerfi o.fl.	10	10	10	10
Endurgerð heimæða fráveitu	20	10	10	10
Fóðranir og lagfæringar á fráveitu- og vatnslögnum í miðbænum	10	10	10	10
Hafin verður vinna við nýtt stofnræsi fráveitu á Völlumum		150	350	
Stofnræsi úr atvinnusvæðum		100	150	200
Lagfæringar á húsnæði og búnaður fráveitu	10	20	20	20

<i>Húsnæðisskrifstofa</i>	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.
Fjölga á íbúðum í félagslega kerfinu og þess vegna er gert ráð fyrir framlagi í fjárfestingum að fjárhæð kr. 500 milljónir til fjárfestingar í kerfinu.	500	500	500	500
<i>Skipulagsvinna</i>	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.
Verkefni – sjá greinargerð 2.10: Skipulags- og byggingarmál	70	70	80	80
<i>Hafnarsjóður</i>	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.
Uppbygging á Suðurböndum	185	20	20	20